



MARKAÐURINN

Vistvæn prentsmiðja
GUDJÓNÓ
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 23. apríl 2008 – 17. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Forstjóri Kauphallarinnar
 Mikilvægt skref fram á við að lána verðbréf



Konur skyggjast inn í framtíðina
 Horft til Evrópu



Loðfeldir svinvirka
 Minkurinn er vinsæll



EIRÍKUR GUÐNASON Seðlabankastjóri ræðir um stöðu bankanna og helstu hluthafa.

Fjárfestingarfélög umhugsunarverð

„Fari hins vegar svo, að einhver [bankanna] lenti í vandræðum og þyrfti að auka eigið fé, er umhugsunarvert hvort fjárfestingarfélög, sem eru stærstu eigendur þeirra, og hafa bæði veðsett eignir sínar vegna fjárfestinga, og fengið mikið lánað hjá þeim, geti tekið þátt í því,“ segir Eiríkur Guðnason Seðlabankastjóri. Hann bætir því við að bankarnir eigi nægt eigið fé.

Danska viðskiptablaðið Børsen birtir viðtal við Eirík þar sem hann tekur sterkar til orða.

Fjárfestingarfélagið Exista er stærsti hluthafinn í Kaupþingi og FL Group stærsti hluthafinn í Glitni.

- ikh / Sjá síðu 4

TrackWell

Tíma- og verkskráning
 Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

Danskar kaupsýslukonur streyma nú til Noregs til að taka þar sæti í stjórnum fyrirtækja. Er nú svo komið að fleiri danskar konur sitja í stjórnum norskra fyrirtækja en danskra.

Hallur Magnússon ráðgjafi segir að Íbúðalánasjóður hefði getað skilað lægri útlánavöxtum en raunin varð. Vextir sjóðsins lækkuðu í kjölfar útboðs íbúðabréfa og eru nú 5,2 prósent og 5,7 prósent.



Leikfangafyrirtækið Mattel, sem er stærsti leikfangaframleiðandi í Bandaríkjunum, tilkynnti að sala á Barbie-dúkkum hefði dregist saman um tólf prósent í Bandaríkjunum á fyrsta fjórðungi ársins 2008. Sala á dúkkunum á alþjóðamarkaði stóð hins vegar í stað.

Þór Sigfússon hefur verið kjörinn formaður Samtaka atvinnulífsins og tekur við af Ingimundi Sigurpálssyni.

Þinglýstir kaupsamningar um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu frá 11. apríl til og með 17. apríl 2008 voru 75. Á sama tíma í fyrra voru þinglýstir kaupsamningar 179. Velta þinglýstra samninga hefur dregist saman um tæp sextíu prósent milli ára.

Bjarni til liðs við fjárfesta í Ameríku

Bjarni Ármannsson og Frank O. Reite hafa báðir gengið til liðs við bandaríska fjárfestingarsjóðinn Paine & Partners.

Óli Kristján Ármannsson skrifar

Bjarni Ármannsson fjárfestir og Norðmaðurinn Frank Ove Reite hafa gengið til liðs við einkaframtakssjóðinn (e. private equity) Paine & Partners í Bandaríkjunum, að því er sjóðurinn tilkynnir í dag. Frank Reite var áður framkvæmdastjóri hjá Glitni þar sem Bjarni var forstjóri. Hlutverk Bjarna og Franks innan sjóðsins verður að stýra fjárfestingum í Norður-Evrópu með sérstaka áherslu á sjávarútveg, orkuviðnað og fjármálaþjónustu.

Í viðtali við Markaðinn í dag kveðst Bjarni um skeið hafa haft það á bak við eyrað að hefja samstarf um fjárfestingar við fjárfestingarbanka eða einkaframtakssjóð. W. Dexter Paine, stofnandi Paine & Partners, segist í tilkynningu himinlifandi að fá þá Frank og Bjarna til liðs við sjóðinn. „Mörg okkar hafa verið þeirrar ánægju aðnjótandi að vinna náð með þeim,“ segir hann og rekur kynnin við þá um áratug aftur í tímann þegar þeir voru báðir starfandi hjá Glitni.

Paine & Partners var stofnaður árið 1997 og er með aðsetur í San Francisco og New York. Bjarni segir sjóðinn afar öflugan, en frá stofnun hefur hann fjárfest fyrir tæplega sex og hálfan milljarð

Bandaríkjadala í félögum í ýmsum atvinnugreinum. „Ávöxtun á það eigið fé sem í þeim fjárfestingum hefur verið bundið hefur að jafnaði verið 33 prósent á ári,“ segir hann. Paine & Partners fjárfestir nú úr sjóði sem nefnist Paine & Partners III og er um 1.200 milljónir dala að stærð, en það er pottur upp á tæpa níutíu milljarða íslenskra króna.

Bjarni segir ekki loku fyrir það skotið að samstarfið verði ákveðinn farvegur fyrir aukna erlenda fjárfestingu hér á landi. „En hvar okkur ber nákvæmlega niður verður auðvitað bara að koma í ljós,“ segir hann.

Auk þess að ræða samstarfið við Paine & Partners fer Bjarni yfir horfur í efnahagsmálum í viðtalinu í miðopnu blaðsins. Hann segir ljóst að krónan hafi glatað trausti bæði innanlands og utan og brýnir stjórnvöld til aðgerða í efnahagsmálum til að efla traust erlendra greiningaraðila og fjárfesta. Hann segir ríða á að gjaldþrengingin verði eflur og að þjóðinni verði mörkuð stefna til farsællar framtíðar. Hann segir þar sjálfsagt fleiri en eina leið færa, en ljóst sé að hraða þurfi mjög þeirri vinnu. „Maður sér að sjálfsögðu hvernig umræðan um Evrópusambandið er að taka á sig nýja mynd; margir sjá það sem lausnarfarveg núna og það má vel vera.“

Sjá síðu 8 og 9

Greiða ígildi níu milljarða í arð

Fyrir aðalfundi Landsbankans í dag liggur tillaga um að gefa út jöfnunarhlutabréf og afhenda hluthöfum. Um 300 milljónir króna er að ræða að nafnvirði. Ef miðað er við gengið 30 á Landsbankanum jafngildir þessi aðgerð því að hluthöfum séu afhentir níu milljarðar króna.

Samhliða þessu er hluta af eigin bréfum Landsbankans ráðstafað til lækkunar á hlutfé bank-

ans um sömu upphæð. Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar Landsbankans, segir að samkvæmt tillögunni sé tilgangur hlutafjárþækkunarinnar að minnka hlut Landsbankans í eigin bréfum.

Aðferðin er ígildi arðgreiðslna og hefur ekki áður verið farin hér. Við núverandi aðstæður á fjármálamarkaði eru peningar verðmætir og því vilja stjórnend-

ur félaga frekar afhenda hluthöfum arð í formi hlutabréfa. Aðferð bankans er frábrugðin öðrum að því leyti að útgáfa jöfnunarhluta leiðir ekki til skattskyldu fyrir hluthafa og ber bankanum því ekki að halda eftir staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Selji hluthafar bréfin ber þeim hins vegar að greiða skatt af hagnaði sem myndast miðað við að þeir greiddu ekkert fyrir bréfin. - bg

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldþrenging. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	14,90%*
GBP	5,40%*
USD	2,70%*
EUR	3,80%*
CAD	3,70%*
DKK	4,30%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðsýsinga og útdráttar úr útboðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli (act/360) frá 3. mars - 1. apríl 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,7%	-25,4%
Bakkavör	-2,9%	-27,2%
Exista	2,6%	-39,1%
FL Group	-3,4%	-54,8%
Glitnir	-1,8%	-23,9%
Eimskipafélagið	-5,2%	-33,7%
Icelandair	-1,0%	-13,2%
Kaupþing	1,8%	-4,5%
Landsbankinn	4,4%	-12,4%
Marel	-0,9%	-12,1%
SPRON	-4,9%	-42,8%
Straumur	-1,1%	-19,0%
Teymi	-9,3%	-32,5%
Össur	0,0%	-7,6%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Aflaverðmæti minnkar verulega

„Þetta þarf ekki að koma á óvart, ef við horfum til niðurskurðarins í þorskaflanum og þess hversu seint loðnan kom,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Aflaverðmæti íslenskra skipa dróst saman um ríflega átján prósent í janúar, miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Verðmætið í janúar í ár nam 4,7 milljörðum króna samanborið við 5,8 milljörðum í fyrra.

Verðmæti þorskaflans eins og sér dróst saman um 25 prósent.

Einnig dróst uppsjávarafllinn saman um ríflega átján prósent og segir Hagstofan að þar muni mestu um loðnuna.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu var 1,8 milljarðar króna. Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands nam 1,0 milljarði. Aflaverðmæti sjófrystingar var rúmum milljarður og verðmæti afla sem fluttur er únninn úr landi nam 758 milljónum. - ikh

MINNA FYRIR AFLANN Verðmæti sjávarafllans dróst verulega saman í janúar miðað við sama mánuð í fyrra. Framkvæmdastjóri LÍÚ segir þetta ekki koma á óvart.



Gullfordinn vex

Gulleign Seðlabanka Íslands jókst um tæplega hálfan milljarð króna í síðasta mánuði, vegna verðhækkana. Gullfordinn hefur aukist að verðmæti um 1,3 milljarða króna frá áramótum.

Gjaldeyrisfordi Seðlabankans nam 220 milljörðum króna í lok síðasta mánaðar og jókst hann um rúmlega 37 milljarða í mars. Það skýrist af hækkan á verði erlendra verðbréfa seðlabankans.

Erlendir seðlar og innistæður Seðlabankans jukust um tæplega 3,3 milljarða króna í mars.

Davíð Oddsson sagði á dögnum að tvöfalda mætti gjaldeyrisforda Seðlabankans. - ikh

Hluturinn í Icelandic þynnist líklega mikið

„Það verður að koma í ljós hvernig gengur að fjármagna hlutinn en hann mun að líkindum þynnast verulega út,“ segir Finnbogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Group.

Finnbogi á sjálfur rétt rúman fimmtungs hlut í félaginu í gegnum félag sitt FAB í Þýskalandi. Aðalfundur Icelandic samþykkti á dögnum að taka vikið lán upp á 41 milljón evra, eða sem nemur hátt í fimm milljarða íslenskra króna. Það er álíka mikið og markaðsvirði félagsins í Kauphöllinni nú um stundir, en aðalfundurinn samþykkti að afskrá félagið. Vextirn-



FINNBOGI BALDVINSSON Forstjóri Icelandic Group reiknar með að fimmtungs hlutur sinn í fyrirtækinu þynnist verulega vegna vikjandi láns sem félagið tekur.

ir af láninu eru 23 prósent og segir Finnbogi að félaginu bjóðist ekki betri kjör. Láninu má breyta í hlutafé.

Landsbankinn sér um lánið, en eigendur bankans eiga nokkra hagsmuni í Icelandic, með beinum eignarhlut bankans, hlut Landsbankans í Lúxemborg, fjárfestingarfélagins Grettis, Eimskipafélagsins og Straums. Samtals eiga aðilar tengdir Björgólfsféðgum ríflega helmingshlut í Icelandic Group.

Finnbogi segir ljóst að vextirnir af láninu komi ekki til greiðslu. „Ég reikna með því að þeim verði breytt í hlutafé.“ - ikh

Skortsala hefði komið í veg fyrir hrun á markaði

Sjóðsstjóri lífeyrissjóðs telur að skortsala með eignir lífeyrissjóða verði þeim til góða. Forstjóri Kauphallarinnar segir sjóðina geta hagnast um hundruð milljóna króna.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Ég tel líkur á því að skert geta til að skortsela hlutabréfamarkaðinn hafi í raun óbeint valdið því að markaðurinn féll um fjörutíu prósent á nokkrum mánuðum,“ segir Alfreð Hauksson, sjóðsstjóri hjá Almenna lífeyrissjóðnum.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp fjármálaráðherra þar sem gert er ráð fyrir því að lífeyrissjóðir geti lánað allt að fjórðung eigna sinna. Það gerir að verkum að þeir sem fá verðbréf að láni geta selt þau áfram, vænst þess að þau lækki í verði, keypt þau aftur og hagnast á mismuninum, með öðrum orðum, skortselt bréfin. Fram hefur komið að Kauphöllin á frumkvæði að lagasetningunni.

„Þetta mun ekki endilega skerða ávöxtun lífeyrissjóðanna heldur til lengri tíma frekar auka ávöxtun,“ segir Alfreð. Undir það tekur Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sem segir að jafnvel þótt sjóðirnir nýttu ekki nema hluta þeirra heimilda sem frumvarpið gerir ráð fyrir myndu þeir hagnast um hundruð milljóna króna af því að lána verðbréf. „Engin ástæða er fyrir íslenska lífeyrisþega að fara á mis við þá fjármuni.“

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, hefur sagt að með þessu móti sé mönnum veitt heimild til að græða á því að rýra mikilvægur eignir landsmanna í lífeyrissjóðnum. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, undrast að sjóðunum skuli veitt heimild til að lána eignir annarra.

„Ögmundur má ekki draga þá ályktun að hér sé um slæman kost að ræða fyrir lífeyrissjóði. Þetta getur aukið skilvirkni, jafnað sveiflur á mörkuðum og haldið aftur af árásum erlendra spákaupmanna,“ segir Alfreð Hauksson. Hann telur að hefðu inn-



VERÐBRÉFASALAR VIÐ STÖRF Sjóðsstjóri Almenna lífeyrissjóðsins segir að skert geta til skortsölu hafi óbeint valdið hruni markaðarins hér. Heimild lífeyrissjóða til að lána eignir sínar jafni sveiflur á markaði. MARKAÐURINN/PIETUR

lendir fjárfestar skortselt hlutabréfamarkaðinn í hæfilegu magni væri ekki víst að erlendir aðilar hefðu talið þann kost jafn vænlegan, því lífeyrissjóðirnir hefðu eflaust lánað bréfin sín til innlendra aðila í takmörkuðu magni. „Þannig hefðu þeir haldið aftur af óraunhæfum hækkanum og innlendir fjárfestar hagnast,“ segir Alfreð og bætir því við að lífeyrissjóðirnir hefðu að auki fengið þóknun fyrir að lána bréf sín, og jafnframt jafnað sveiflur á markaði. „Efnahagslífinu er ekki hollt að hafa hlutabréf yfirverðlögð.“

Þórður Friðjónsson segir að samræming við erlenda markaði sé nauðsynleg. „Enda hefur Kauphöllin talið það forsendu aukinnar þátttöku erlendra aðila á íslenskum verðbréfamarkaði.“ Það sé brýnt hagsmunamál fjármála- og verðbréfamarkaðarins hér að virkur lánamarkaður myndist með verðbréfi. „Kauphöllin hefur síður en svo verið ein um þá skoðun,“ segir Þórður Friðjónsson.

Aukið eftirlit með upplýsingum félaga

„Hluti af störfum hópsins er að fylgjast með fréttum í fjölmiðlum og kanna hvort birting fréttanna sé með réttum hætti,“ segir Páll Harðarson, aðstoðarforstjóri Kauphallarinnar.

Þar visar hann til þriggja manna eftirlitsnefndar sem bæði hefur með höndum eftirlit með upplýsingum frá fyrirtækjum auk viðskiptaefirlits. Nefndin tók formlega til starfa um áramót.

„Það er orðinn meiri aðskilnaður eftirlits og þjónustu hjá kauphöllinni en áður. Við töldum það

skilvirkt að setja á eftirlitsnefnd með þessar skyldur,“ segir Páll.

Hann segir að nefndin fylgist meðal annars með því hvort upplýsingar birtist samkvæmt lögum og reglum. „Skráðum félögum er skylt að birta upplýsingar á hinu evrópska efnahagsvæði, samtímis í helstu miðlum. Það kynnu að koma upp tilvik þar sem fyrirtæki birti upplýsingar í staðbundnum miðlum,“ segir Páll og bendir á að kauphöllin bjóði upp á fréttabjónustu, þar sem fréttum sé dreift til kauphallarinnar og víða um heim. - ikh

Vanskil í lágmarki

Útlán aukast en vanskil ekki minni síðan 2000.

Vanskil einstaklinga og fyrirtækja við fjármálaefirlit hafa aukast síðan 2000, samkvæmt samantekt Fjármálaeftirlitsins. Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri FME, segir þessa niðurstöðu ekki koma sérstaklega á óvart. Um síðustu áramót hafi fát benti til þess að aðstæður væru þannig að vanskil væru að aukast.

Í tölum Fjármálaeftirlitsins er miðað við vanskil fólks og fyrirtækja, innlendra og erlendra, við fjármálaefirlit sem hafa staðið lengur en einn mánuð. Upplýsingarnar geyma ekki tölur fyrir dótturfélög.

Útlán hafa

PRÓUN VANSKILA		
Vanskil sem hlutfall af útlánum	2007	2006
Í heild	0,4%	0,5%
fyrirtæki	0,3%	0,5%
Einstaklingar	0,7%	0,8%

aukist mikið hin síðari ár, aðallega vegna lána til erlendra aðila og íbúðalána fjármálaefirlit. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er hættan á vanskilum erlendra aðila almennt minni en innlendra. Eins eru íbúðalán frekar trygg útlán. Það er því eðlilegt, þrátt fyrir stóraukin útlán, að vanskilahlutfall sé lágt.

FME bendir á að útlánaaukning á undanförunum misserum kunnist að koma fram í auknum vanskilum síðar. Því mun eftirlitið fylgjast vel með þróun vanskila á þessu ári og fær tölur úr bankakerfinu ársfjórðungslega. Búast má við vanskilatölum fyrir fyrsta ársfjórðung í mai næstkomandi. - bg

Stór gjaldþrot fyrirferðarmikil

Rúmur fimmtungur hefur fengist upp í 1,2 milljarða króna gjaldþrot.

Nú gjaldþrot yfir fimmtíu milljónum króna sem auglýst hafa verið í Lögbirtingarblaðinu í þessum mánuði nema alls tæpum 1,2 milljörðum króna. Af þessari upphæð hefur rétt rúmur fimmtungur fengist upp í kröfur og kröfuhafar þar af leiðandi tapað rúmunum 902 milljónum króna.

Þó svo að nokkuð mörg stærri gjaldþrotamál hafi raðast inn í Lögbirtingarblaðið í þessum mánuði eru þau ekki öll frá sama tíma. Þannig virðist tiltölulega nýlega hafa verið lokið að fullu skiptum í fjór- um mánum sem Brynjar Nielsson lögmaður sá um, en þau nema samtals tæpum 374 milljónum króna og eru frá árunum 1998 til 2003. Umfangsmest í þeim hópi er 150 milljóna króna gjaldþrot Borgar-

FIMM STÆRSTU ÚR LÖGBIRTINGARBLAÐINU Í APRÍL		
Tekið til skipta	Fyrirtæki	Kröfur alls kr.
26.7.2006	TX dreifing hf.	396.968.352
30.12.2002	Borgarkaup ehf.	161.148.132
20.12.2007	Hítarnes ehf.	137.905.001
8.12.2006	Slitur ehf.*	112.189.541
11.12.2007	Austurpóll ehf.	90.477.295

* áður Merking skiltagerð ehf.

Heimild: Lögbirtingarblaðið

Lögbirtingarblað.



BLAÐ NÚMER EITT Lögbirtingarblaðið kom fyrst út fyrir rétt rúmunum hundruð árum, 2. janúar 1908.

kaupa, en í þessum mánum fékkst ekkert upp í kröfur. Eftir standa stærri gjaldþrot fyrirtækja upp á tæpar 774 milljónir króna frá miðju ári 2006 til ársloka 2007. Þar fékkst langmest upp í kröfur í stærsta gjaldþrotinu, en veð voru til fyrir veðkröfum upp á tæpar 226 milljónir í þrotabúi TX dreifingar hf. frá því 2006. Þar námu heildarkröfur tæpum 397 milljónum króna. Næststærst nýrri málanna er 137 milljóna króna gjaldþrot Hítarness frá því á síðasta ári. Næst kemur gjaldþrot Sliturs ehf, sem áður hét Merking skiltagerð, upp á rúmar 112 milljónir, þá Austurpóll frá því í fyrra upp á rúmar níutíu milljónir, og svo Stúdíó Bílar þar sem kröfur námu rúmunum 35 milljónum króna, en það félag var tekið til gjaldþrotaskipta síðasta haust. - ók



MEGA GÍGA TERA

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA?

Aðgangur að gögnum er lykilatriði í öllum rekstri en umfang þeirra margfaldast með hverju árinu. Með snjallri nálgun í gagnavistun og gagnamedferð hefur EMC tekið afgerandi forystu á þessu sviði.

Ráðstefna á vegum EJS er fyrir stjórnendur fyrirtækja og sérfræðinga í upplýsingatækni þar sem fyrirlesarar frá EMC, VMware, RSA og DELL fjalla um allar helstu nýjungarnar.

- Hraðvirkur og öruggur aðgangur að mikilvægustu gögnum fyrirtækisins hverju sinni.
- Lægri kostnaður við vistun með forgangsroðun gagna.
- Betri nýting á búnaði, mannafla og fjármunum.

DAGSKRÁ / AGENDA

08:00-09:00 Skráning og morgunmatur / Registration and breakfast

PLENUM SESSION 09:00-10:45 Gullteigur A+B

- 09:00-09:05 **Welcome**
CEO EJS, Jón Viggó Gunnarsson
- 09:05-09:10 **Welcome**
Region Manager EMEA Nordic, Paul St. John
- 09:10-09:45 **Keynote**
Senior Advisor in GRIP, Erich Must Wessel
The challenge of making ICT greener
- 09:45-10:30 **EMC Update & Strategy**
Director EMC Briefing Center, John O'Callaghan
Store More Intelligently – EMC's vision on how to reduce cost and complexity in your environment
- 10:30-10:45 **Head of Enterprise Marketing, Emerging Countries EMEA, DELL Bassem Ghousainy**
Dell Simplify IT: Building the Energy Smart Datacenter
- 10:45-11:15 Kaffihlé / Coffeebreak

TRACK 1 11:15-14:05 Gullteigur A

- 11:15-11:45 **Country Manager RSA, Thorbjörn Ellefsen**
RSA, Security Division of EMC
Log Management with enVision & EMC Centera
- 11:45-12:15 **Product Marketing Manager RSA, Rashmi Tarbatt**
Protecting Data in the Extended Enterprise - Securing stored data and Data Loss Prevention techniques
- 12:15-12:45 Hádegisverður / Lunch
- 12:45-13:25 **VMware – Global Account Manager, Kristine Dahl**
• Update of new functionality in VMware
• Scalability, Availability, DR
- 13:25-14:05 **Technical Consultant EMC, Roger Samdal**
• Information Infrastructure for VMware

TRACK 2 11:15-14:05 Gullteigur B

- 11:15-11:45 **Technical Consultant, Roger Samdal**
EMC Product Update
• EMC will position the Storage portfolio AX4 and CX3 and IP storage
• New software functionality (Nav Mgr Task bar, Snap, Repl Mgr, Mirror)
- 11:45-12:15 **Advisory Technical Consultant EMC, Cedric Jucker**
Next Generation Backup
• What is deduplication and why?
• How can Avamar help you to reduce complexity and cost
- 12:15-12:45 Hádegisverður / Lunch
- 12:45-13:25 **Technical Consultant EMC, Roger Samdal**
EMC Archiving Solution
• Why archive with Centera and how can you become compliant
- 13:25-14:05 **Advisory Technical Consultant EMC, Cedric Jucker**
• Archive your emails with Email Xtender
• Archive your files with DiskXtender

TRACK 3 11:15-13:15 Háteigur B

- 11:15-11:25 **DELL Iceland Country Manager, Colin Griffiths**
• Dell initiatives to become the Greenest Technology Company on Earth
- 11:25-11:50 **Head of Enterprise Marketing, DELL Emerging Countries EMEA, Bassem Ghousainy**
- 11:50-12:15 **DELL Solution Specialist, Alexis Wedrychowski**
• DELL – EMC Fibre Channel SAN Solutions
- 12:15-12:45 Hádegisverður / Lunch
- 12:45-13:15 **DELL Enterprise Business Manager, Jonathan Pask**
• Virtualisation
Helping your business reduce operational costs and energy consumption

MEGA GÍGA TERA

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA?

Grand Hótel
29. apríl 2008
09:00-14:00

Morgunverður og léttur hádegisverður í boði.

Ekkert ráðstefnugjald en skráning er skilyrði.
Takmarkaður þátttakendafjöldi.

Síðasti skráningardagur er 25. apríl.
Skráning fer fram á www.ejs.is/green_it

Olían hækkar

Olíuverðið á markaðinum í New York sló enn eitt metið í gærmorgun er það skreið yfir 118 dali á tunnuna.

Það eru aðgerðir uppreisnarmanna í Nígeríu sem valda þessari hækkun nú, en heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað mikið undanfarna mánuði.

Fram kom hjá Bloomberg-fréttaveitunni að Shell-olíufélagið hefði dregið úr framleiðslu sinni sem næmi tæpum 170.000 tunnum á dag. Ástæðan er árásir uppreisnarmanna sem hafa eyðilaggt tvær olíuleiðslur. Talið er að nokkra daga taki að koma þeim í gagnið á ný.

Engir erfiðleikar í uppsiglingu hjá bönkunum

„Bankarnir eiga nóg eigið fé,“ segir Eiríkur Guðnason Seðlabankastjóri.

„Fari hins vegar svo, að einhver þeirra lendi í vandræðum og þurfi að auka eigið fé, er umhugsunarvert hvort fjárfestingafélög, sem eru stærstu eigendur þeirra, og hafa bæði veðsett eignir sínar vegna fjárfestinga og fengið mikið lánað hjá þeim, geti tekið þátt í því.“

Danska viðskiptablaðið Børsen birtir viðtal við Eirík þar sem hann tekur sterkar til orða. Þar er haft eftir honum að hann lýsi áhyggjum af stórum fjárfestum í íslenskum bönkunum.

Blaðið segir að hrun hjá fjárfestum geti þýtt verulegt tap fyrir íslensku bankana, sem hafi fjármagnað „íslenska yfirtökuævintýrið“ í stórum stíl. „Ég gaf svar við fræðilegri spurningu. Við vitum ekki til þess að slíkir erfiðleikar séu í uppsiglingu.“

Eiríkur segir þó að erfiðleikar á markaði, gætu reynst smærri bönkunum illa og leitt til sameininga.

Spurður um stækkun gjaldsforðans sagði Eiríkur að væri því lokið, þá hefði fólk þegar fengið um það vitneskju.

„Seðlabankinn þarf [...] ekki að viðurkenna neina villu eða biðjast afsökunar á neinum tölum í þessum efnum,“ segir Ingimundur Friðriksson Seðlabankastjóri í grein í Fréttablaðinu í gær.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, krefst þess að bankinn biðjist afsökunar á röngum þjóðhagsreikningum.

Hagfræðingur bankans sýndi í

Peningamálum að nettóstaðan væri neikvæð um 27 prósent af landsframleiðslu, miðað við markaðsvirði óskráðra eigna, en ekki 120 prósent, eins og þegar miðað er við bókfært virði. Ingimundur segir þá aðferð viðurkennda, þótt niðurstaða hagfræðingsins gefi jákvæðar vísendingar um stöðuna.



INGIMUNDUR FRÍÐRIKSSON
Bankinn þarf ekki að biðjist afsökunar.

Bónusgreiðslur úr sögunni

Fjármálaráðherrar helstu iðnríkja heims eru andvígir himinháum bónusgreiðslum til forstjóra banka og starfsmanna fjármálafyrirtækja sem skila góðum árangri. Liggja á borði þeirra tillögur sem lúta að því að hið opinbera beiti valdi sínu til að skrúfa fyrir svimandi háar greiðslur til æðstu stjórnenda í fjármála-geiranum og þeirra sem skila fyrirtækjunum mestum hagnaði.

Þetta segir breska dagblaðið Telegraph og bætir við að Donald Kohn, aðstoðarseðlabankastjóri Bandaríkjanna, og aðrir



DONALD KOHN

hátsettir ráðamenn vestanhafs styðji viðamiklar breytingar á rekstri fjármálafyrirtækja með það fyrir augum að bæta hag þeirra og koma í veg fyrir að lausafjárþurrð skeki fjármálamarkaði um allan heim næstu ár.

Tillögur sem þessar eru þynnrir í augum samtaka breskra banka- og fjármálafyrirtækja, að sögn Telegraph, sem hefur eftir formálenda samtakanna að slíkar breytingar eigi ekki heima í höndum ráðamanna heldur stjórnenda sjálfrá og hluthafa fyrirtækjanna.

Umfangið meira en Kárahnjúkavirkjun

Stork Aerospace hefur gert samning um framleiðslu burðarvirkis í F-35 orrustuþotur sem metinn er á yfir 150 milljarða króna. Stork í Hollandi er að fjórðungi í íslenskri eigu.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Stork Aerospace hefur landað samningi við Lockheed Martin sem metinn er á um tvo milljarða Bandaríkjadala, eða yfir 150 milljarða króna.

„Til að setja hlutina í samhengi má benda á að þetta er heldur meira en kostaði að byggja Kárahnjúkavirkjun,“ útskýrir Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrís Invest, en samkvæmt nýlegri skýrslu iðnaðarráðherra nam sá kostnaður rúmum 133 milljörðum króna. Eyrís Invest á fimmtán prósent hlut í Stork-iðnsamstæðunni hollensku, Landsbankinn tíu prósent og breski fjárfestingarsjóðurinn Candover 75 prósent.

Samstarfssamningurinn, sem undirritaður var á föstudag, gengur út á að Fokker Elmo, dótturfyrirtæki Stork Aerospace, framleiðir stuðningsvirkis í F-35 JSF orrustuþotuna sem Lockheed Martin þróar. Árni Oddur segir að af undirverktökum



F-35 ORRUSTUÞOTA
FRÁ LOCKHEED
MARTIN

sem komi að íhlutasmíði í flugvélaíðnaði hafi Stork Aerospace nokkra sérstöðu, enda sá eini sem hafi burði til að smíða heilar flugvélar, og byggja þar á grunni Fokker-flugvéla-verksmiðjanna.

Samningur Stork Aerospace og Lockheed Martin er sá stærsti hollenskt iðnfyrirtæki hefur gert um samstarf við „Joint Strike Fighter“-áætlunina. Til marks um það var efnahagsmálaráðherra Hollendinga, Maria van der Hoeven, viðstödd undirritun samstarfssamningsins, auk Beatrix Hollandsdrottningar og fleiri fyrirmenna.

Í byrjun þessarar viku var tilkynnt að öll skilyrði vegna yfirtöku Marel Food Systems á Stork Food Systems, sem áður var matvælavinnslu- og hlutafélag Stork-samstæðunnar, væru að fullu uppfyllt með því að evrópsk samkeppnisyfirlöng gerðu ekki áhugasemd við kaupin. Þegar gengið hefur verið frá lausum endum vegna kaupanna tekur Árni Oddur sæti í stjórn Stork í Hollandi, en það gat hann ekki gert fyrir vegna þess að hann er jafnframt stjórnarformaður Marel Food Systems.

„Afkoma Marel á fyrsta ársfjórðungi verður birt 6. maí næstkomandi, en daginn eftir höldum við kynningarfund þar sem farið verður ítarlega yfir kaupin á Stork Food Systems og starfsemi kynnt betur ásamt framtíðaráætlunum,“ segir Árni Oddur, en með á þeim fundi verða einnig Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, og Theo Hoen, forstjóri Stork Food Systems.

KAUP KYNNT Árni Oddur Þórðarson er forstjóri Eyrís Invest, sem á fimmtán prósent hlut í Stork í Hollandi. Eyrís er jafnframt stærsti hluthafi Marel Food Systems sem var að kaupa matvælavinnslu- og hlutafélag Stork, en Árni Oddur er líka stjórnarformaður Marel.

MARKAÐURINN/GVA

Vilja frekar lánsfé

Lausafjárþurrðin og vandræði á fjármálamörkuðum munu vara yfir í hálf ári til viðbótar. Þetta er álit meirihluta fjármálastjóra hjá 350 umsvifamestu fyrirtækjum Bretlands.

Það var endurskoðunar- og markaðsrannsóknarfyrirtækið Deloitte þar í landi sem kannaði stöðu mála í skugga vandræða á fjármagnsmörkuðum. Breska dagblaðið Times fjallaði um málið í vikubyrjun.

Staða fyrirtækjanna hefur versnað nokkuð frá því um mitt síðasta ár og hafa flest þeirra neyðst til að grípa til aðgerða til



KLUKKUTURNINN Big Ben-bjallan, sem er í Klukkuturninum við þinghúsin í Lundúnum og er eitt frægasta kenneileiti borgarinnar, varð 150 ára hinn 10. þessa mánaðar. Breskir forstjórar gera ráð fyrir vandræðum vegna lausafjárskorts í hálf ári til viðbótar.

MARKAÐURINN/AP

að laga stöðu sína. Í könnuninni kemur fram að fjármálastjórar hjá 73 prósentum þeirra fyrirtækja sem rætt var við segja erfiðara nú en í desember að útvega lánsfé. Stjórnendur fyrirtækjanna kjósa hins vegar frekar að verða sér úti um lánsfé til rekstrarins en með hluta-fjárfáringu.

Flest fyrirtækjanna, eða rúmum helmingur, ætla að draga úr útgjöldum, losa og selja eignir auk þess að

tæpur helmingur ætlar að segja upp starfsfólki. Sárafá fyrirtæki, eða um þrjú prósent, ætla hins vegar að lækka arðgreiðslur til hluthafa.

- jab



Stytttri siglingatími, bætt þjónusta.

Jónar Transport bjóða nú upp á mun styttri afhendingartíma á sjóflutningum frá Bretlandi. Vegna breytinga á siglingaáætlunum getum við nú komið vörum frá Immingham á fimmtudegi og haft þær tilbúnar til losunar í Reykjavík á mánudagsmorgni. Nýttu þér hraða, trausta og persónulega þjónustu okkar.

Jónar
Transport

www.jonar.is



Meiri sveigjanleiki ...

Bestun upplýsingakerfa lækkar rekstrarkostnað og eykur sveigjanleika

Með bestun upplýsingakerfa auka fyrirtæki skilvirkni og sveigjanleika tölvukerfa sinna. Bestun leiðir til hámarksnýtingar og eykur uppitíma samhliða því að draga úr fjárfestingu og rekstrarkostnaði. Með bestun nýtur fyrirtækið þitt yfirgripsmikillar þekkingar starfsfólks Nýherja og öflugra samstarfsaðila.

„Nýherji hefur byggt upp tölvukerfi fyrir Samskip sem getur brugðist við flestum aðstæðum. Innbyggður sveigjanleiki, áreiðanlegt og öruggt. Vél- og hugbúnaður frá Nýherja, samsetning og þjónusta frá Nýherja. Sambland þessara þátta tryggir góðan árangur.“

Ægir Pálsson, forstöðumaður upplýsingadeildar Samskipa.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.


NÝHERJI

Edda Rós Karlsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Ólöf Nordal skyggndust inn í framtíðina á ársfundi SA.

Horft til Evrópu

Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagins Gaums, sagðist ekki telja að við Íslendingar ættum margar færar leiðir til að ná stöðugleika í atvinnulífinu til framtíðar.

„Við getum auðveldlega eytt dýrmætum tíma í umræður um hvort hinir ýmsu gjaldmiðlar komi okkur á réttan kjöl. Ég tel hins vegar að við eigum að horfa til evrunnar og aðildar að Evrópusambandinu. Því hefur verið haldið fram að umræðan um Evrópusambandið og evru sé flótti frá því verkefni sem þjóðin standi nú frammi fyrir. Ég get ekki fallist á það. Nær væri að segja að við höfum sofið á verðinum og svíkist um að marka okkur skýra stefnu í Evrópumálum meðan flest hefur gengið okkur í haginn. Við stöndum frammi fyrir brennandi spurningum, sem við höfum svíkist um að leita svara við,“ sagði hún.

Kristín benti á að þau skref sem Ísland hefði stigið í Evrópusamstarfi hefðu tvímælalaust orðið þjóðinni til framdráttar. „EFTA og svo samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafa gefist vel, um það er ekki deilt. En þróun undanfarinna vikna færir okkur heim sanninn um að aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu var bara biðleikur. Sá djærri biðleikur galopnaði hagkerfið en við höldum áfram að notast við krónu sem er svo aum að spákaupmenn á mörkuðum geta spilað með efnahag heillar þjóðar, eins og fréttir undanfarinna daga og vikna sýna.“

Hún sagði að ekki væri unnt að halda úti galopnu hagkerfi með flóktandi örmynt. Stjórnendur fyrirtækja yrðu að geta gefið sig alla í reksturinn á hverjum tíma og duttlungar krónunnar gætu hvorki né mættu ráða för.

„Ekki er víst að fyrirtækin geti starfað áfram við óbreyttar aðstæður. Þá gæti þeim orðið nauðugur sá kostur að færa sig úr landi.“

ÓBREYTT ÁSTAND EKKI KOSTUR

Áhrifin af alþjóðlegu lausafjárkreppunni eru meiri á Íslandi en virðist við fyrstu sýn, sagði Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans, í erindi sínu og benti á að valmöguleikum okkar í efnahagsmálum hefði í raun fækkað. „Óbreytt ástand í peningamálum er til dæmis ekki kostur í stöðunni – nema fjármálakerfið dragist verulega saman,“ sagði hún. Edda Rós sagðist alltaf hafa gert ráð fyrir að ef fram kæmi yfirlýsing frá stjórnvöldum um áhuga á að taka upp evru kæmu strax fram jákvæð áhrif á vexti og gengi. „Slík yfirlýsing yrði hins vegar mjög ótrúverðug í kjölfar þess að horfið væri frá verðbólgu-markmiðinu. Alþjóðafjármálakerfið myndi ekki treysta stjórnvöldum til að grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar væru til að evruaðild yrði bærileg fyrir Íslendinga. Hér yrði því áfram hátt

áhættuálag á vexti og sveiflur í krónunni. Evruvalkostur stæði tæplega til boða í framhaldinu næstu fimm árin.“

Edda Rós sagðist telja tillögur um einhliða tengingu krónunnar við aðrar myntir til þess fallnar að grafa undan núverandi peningastjórn. „Þær eru heldur ekki til þess fallnar að auka trú alþjóðahagkerfisins á íslenska fjármálakerfið, nema síður sé, því að án aðildar að Seðlabönkum viðkomandi myndar vantar íslenska fjármálakerfið það bakland sem bankar þessara landa hafa. Við yrðum því að minnka bankakerfið með sölu eigna eða með því að færa höfuðstöðvar til útlanda. Það er auðvitað raunhæfur kostur, en við verðum þá að vera meðvitað



KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR



ÓLÖF NORDAL



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

um að það yrði niðurstaðan,“ sagði hún.

RÆÐA VERÐUR STJÓRNSKIPUN LANDSINS FYRST

Ólöf Nordal, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, sagði óraunhæft að ræða aðild að Evrópusambandinu án þess að viðurkenna að grundvallarumræða um stjórnskipun landsins hefði ekki farið fram. „Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að við ættum að læra af reynslunni þegar EES-samningurinn var innleiddur hér og ég held því fram að þorri landsmanna hafi ekki gert sér grein fyrir því valdaframsali sem í honum fólst. Við verðum að koma okkur saman um stjórnarskrárbreytingar fyrst og við vitum að það tekur nokkur ár að koma slíkum breytingum fram,“ sagði hún.

Ólöf sagði aðeins til bólvunar að blanda þessum málum inn í umræður um lausn þeirra aðkallandi vandamála sem nú væru komin upp í efnahagslífinu. „ESB-aðild tryggir ekki aðild að evrusvæðinu nema Ísland hafi þegar uppfyllt ströng skilyrði um lága verðbólgu, stöðugt gengi og sterk ríkisfjármál. Fjármálavandinn nú stafar fyrst og fremst af ytri vanda sem á okkur dynur. Við hann verðum við að berjast með öllum tiltækum vopnum. Að því loknu verður að draga af honum lærdóm og ákveða hvaða leiðir eru farsælstar til að styrkja kerfið til framtíðar. Það er því brýnasta verkefni dagsins að ná efnahagsjafnvægi, hvort sem við sjáum að því loknu þörf á að breyta stöðu okkar í efnahagskerfi heimsins eða ekki. Það verður ekki útkljáð fyrr en að þessu verki loknu. Við höfum ekki tíma til slíkra hluta nú,“ sagði Ólöf Nordal. - bih

Uppfylla þarf skilyrði evruaðildar

segir fráfarandi formaður SA

Að fenginni reynslu af flotgengisstefnu Seðlabankans og í ljósi þeirrar stöðu sem nú blasir við íslensku atvinnulífi er nauðsynlegt að grípa til samhæfðra aðgerða bæði á sviði peningamála og ríkisfjármála. Þetta sagði Ingimundur Sigurpálsson, fráfarandi formaður Samtaka atvinnulífsins, meðal annars í ræðu sinni.

„Því vil ég nota þetta tækifæri til þess að beina því til forsætisráðherra, hvort ekki sé nú tilefni til þess að ríkisstjórnin gefi út yfirlýsingu með skýrum og afgerandi hætti þess efnis, að unnið verði að því að uppfylla viðurkennd skilyrði um stöðugt verðlag, jafnvægi í ríkisfjármálum, stöðugleika í gengisskráningu og samhæfingu langtímaaxta, sam sett

eru fyrir aðild að myntbandalagi Evrópu. Með samningi við Seðlabankann verði hafinn undirbúningur að nauðsynlegum aðgerðum til þess að ná niður verðbólgu, lækka stýrivexti og tryggja aðhald í opinberum rekstri, þannig að settum markmiðum verði náð,“ sagði hann.

Ingimundur sagði jafnframt brýnt að auka gjaldveisforða Seðlabankans og gera honum kleift að tryggja íslenskum fjármálastofnunum aðgang að lausafé og lánsfé á eðlilegum kjörum, svo koma mætti í veg fyrir stöðvun nýrra fjárfestinga, sem byggja á fjármögnun íslenskra banka. „Að öðrum kosti er hætt við því, að framfarir stöðvist í íslensku atvinnulífi um langa hríð.“

Tillögur Eddu Rósar

Edda Rós Karlsdóttir tiltók nokkrar tillögur, sem allar myndu bæta innviði íslenskt efnahagskerfis, tækju á óþarfa sérkennilegheitum og ykju þannig trúverðugleika kerfisins:

- Grípa þarf strax til aðgerða til að efla trú á fjármálastöðugleika á Íslandi, meðal annars með því að efla gjaldveisforðann og ná samkomulagi við erlenda seðlabanka.
- Stjórnvöld þurfa að lýsa yfir stuðningi við verðbólguþæmingu Seðlabankans. Aðrir skammtímakostir eru ekki í stöðunni og stanslausar yfirlýsingar um gangleysi vaxtastefnu bankans draga einmitt úr virkni vaxtanna – sem þó er nógu lítil fyrir.
- Undirbúa þarf strax breytingar í Seðlabankanum. Setja þarf á stofn peningastefnuráð að alþjóðlegri fyrirmynd.
- Auka þarf trúverðugleika bankans og tryggja að minni vaxtabreytingar dugi til að ná árangri.
- Auka þarf þátttöku Seðlabankans í opinberri umræðu. Það er ótækt að bankinn láti gagnrýni krauma svo vikum og mánuðum skiptir án þess að koma fram og endurtaka rök sín fyrir aðgerðum.
- Setja fram áætlanir í efnahagsstjórn sem miða að því að ná niður vöxtum og koma á jafnvægi í þjóðarþúskapnum. Það gerir krónuna að stöðugri mynt.
- Skoða þarf af fullri alvöru aðild að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu – slíkur undirbúningur gagnast öllum, hvort sem niðurstaðan verður já eða nei.
- Endurskoða þarf starfsemi Íbúðalánasjóðs, áður en EFTA-dómstóllinn krefst þess. Tryggja þarf að Íbúðalánasjóði verði ekki fallið hlutverk sem gangi þvert á aðgerðir Seðlabanka Íslands.
- Bæta þarf hagskýrslugerð, bæði hvað varðar skuldir og eignir þjóðarþúskans og þáttatekjur í uppgjöri á viðskiptahallanum. Það er alveg óþolandi að opinberar tölur skuli sýna meiri viðskiptahalla en efnistanda til.

Var hann þyrstur þó

Það var eitt og annað í fréttum síðustu vikna sem gaf fullt tilefni til hugleiðinga. Eitt var frétt um að áfengisneysla flýtti fyrir Alzheimer, sem hljóta að teljast góðar fréttir fyrir þá sem drekka til að gleyma.

En það eru fleiri leiðir til fyrir þá sem þola illa raunveruleikann og þrá samband við ómínnishagrann heitar en nokkuð annað. Ein er að berjast hausnum við steininn og í því efni stöndum við oft framarlega á alla mælikvarða, svo sem höfðatölu og steinaeign.

Forsætisráðherra hefur að undanförunni leikið þennan ójafna leik steins og höfuðs í umræðum um evruna og Evrópusambandið. Síðast á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins og uppskar dræmar undirtektir. Innan ræða atvinnulífsins gætir nokkurrar armæðu yfir forystuleysi í aðkallandi verkefnum sem snerta brýnustu hagsmunir þjóðarinnar. Allt er þó enn sem komið er fremur kurteislegt á yfirborðinu.

Nú hef ég engan áhuga á að stökkva á lest þeirra sem hrópa um að allt væri í himnalagi ef evran væri gjaldmiðill okkar. Svo væri sannarlega ekki miðað við þá stjórn efnahagsmála sem verið hefur við lýði síðasta áratuginn eða svo. Ég er líka hjartanlega sammála því að evruvæðing atvinnulífsins án hinnar formlegu leiðar aðildar að ESB og upptöku evru er leið sem líkleg er til að grafa undan trúverðugleika alls efnahagskerfisins og skapa okkur frekari vandæði. Samtök atvinnulífsins hafa talað fyrir slíkri leið og ég verð að viðurkenna að ég hef skilning á því að atvinnu-

lífið í núverandi stöðu varpi slíku fram. Þó að ég sé sannfærður um að þetta sé vond leið er ég hræddur um að hún verði farin, ef forysta þjóðarinnar lætur öðrum eftir ákvörðun í málinu.

Sú sýn á evruumræðuna sem forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins ítrekar stöðugt felur líklega annað tveggja í sér; að atvinnulífið fjarlægist flokkinn og þar með sá kjarni sem hefur haldið flokkinum stærstum flokka á Íslandi eða að Íslands bíði hlutskipti afnáms krónunnar án atbeina ríkisstjórnarinnar. Slíkt yrði ómurlægur vitnisburður stjórnvalda og líklegt til að leiða til stjórnarslita og uppgjörss áður en til slíks kæmi raunverulega.

Í ljósi þessa og þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í efnahagslífinu og fjármálakerfinu er afstöðuleysi á alla kanta óskiljanlegt. Í atvinnulífinu gerast raddir háværari um að það óhæði milli ríkisstjórnar og Seðlabanka sem mikilvægt er gildi nú bara í aðra áttina. Þörf er á skýrari forystu ef á að takast að leiða samfélagið í gegnum þann móþyr sem við okkur blasir. Ríkisstjórnin verður að leiða slíkt með trúverðugum hætti.

Yfirlýsing menntamálaráðherra um breytingar á stjórnarskrá til að auðvelda aðild að ESB er skynsamlegt útspil til að vinna tíma til að móta málflutning flokksins betur. Hún er skynsamleg og í anda þess að við eigum á hverjum tíma að uppfylla skilyrði um inngöngu í ESB, viljum við á annað borð taka ákvarðanir um framtíð okkar af fúsum og frjálsum vilja. Á sama hátt og frjáls vilji rúmast í lögbund-

um heimi, þá rúmast enn upplýst ákvörðun um framtíðarskipan gjaldmiðilsins, jafnvel þótt niðurstaðan geti aðeins orðið ein. Þetta rými kann hins vegar að hverfa hratt og þá bíður okkar framtíð nauðhyggju og viljaleysis.

Yngri kynslóðin í forystu Sjálfstæðisflokksins gerir sér grein fyrir því að til einhvers konar uppgjörss milli þeirra sem vilja taka upp evru og hinna hlýtur að koma innan flokksins. Mér segir svo hugur að forsætisráðherra geri sér fyllilega grein fyrir þessu, enda með fullt atgervi til slíks. Útilokandi yfirlýsingar hans fresta ekki slíku uppgjöri. Þær auka fremur líkurnar á því að vilji hann ekki vatnið smakka, þá sitji hann ekki meðal þeirra sem landið munu erfa. Heldur verði búinn staður meðal þeirra sem telja sig lögboðna handhafa arfsins um eilífð og þrá ekkert heitar en grafskriftina: „Hann hafði alltaf rétt fyrir sér“ sem varla nokkur fengi nema sér til háðungar.

Framundan hlýtur að vera nokkur próf-raun fyrir flokkinn um hvort hann verði tækt forystuaf 21. aldarinnar eða sögulegur minjagripur Heimastjórnarflokks innilokunarmanna sem réðu ríkjum í flokknum á síðari hluta 20. aldar. Sá kostulegi fyrirlýsingin að Evrópusambandsaðild og skref í átt að henni séu ekki í stjórnarsáttmálanum eru broslög í ljósi þess að samstarfsflokkurinn myndi ekki leggja stein í götu slíkra breytinga í ríkisstjórnarsamstarfinu.

Það þrengir stöðugt að sjónarmiðum þeirra sem vilja stöðu utan sambandsins og leit þeirra að nýjum leiðum í stað evru

verður sífellt vandræðalegri. Forsætisráðherra er nógu skynsamur til að ljá slíku ekki máls. Upptaka norrænnar myntar eins og VG hafa slegið fram eða svissnesks franka ungliða Heimastjórnarflokksins eru hvort tveggja hreint framsal peningamálastjórnar til annars ríkis sem væri miklu meira afsal sjálfstjórnar en innganga í ESB.

Enda þótt fræðilega megi leika sér að ýmsum lausnum í peningamálum er staðan að verða nokkuð einföld. Valið stendur á milli evru og krónu. Ef evran er niðurstaðan, þá þýðir það inngöngu í ESB. Fari nú svo, eins og líkur benda meir og meir til, að útséð verði um að krónan dugi okkur til veru í hópi velmegandi vestrænna lýðræðisríkja, ætlar stærsti flokkur landsins með forystu í ríkisstjórn, þá fyrst að stíga fram til undirbúnings inngöngu?


Slíkt væri til marks um algjört forystuleysi og yrði vart skýrt með öðru en döngunarleysi og ótta við að takast á við óumflýjanlegt uppgjör við samanbítið afturhaldið í flokknum.

Að undanförunni hafa safnast upp nokkur mál sem forysta flokksins virðist ekki geta tekið á. Forystu sem til lengdar tekur ekki af skarið og sýnir myndugleika bíður ekki annað en að aðrir taki forystuna. Ástand efnahagsmála og fjármálakerfisins krefjast afgerandi forystu. Þannig má lesa í orð Samtaka atvinnulífsins um sjálfupptöku evrunnar að þar sé á ferðinni raunsætt mat á því hver þróunin verði ríki hér áframhaldandi verkvæði og ákvörðunarfælni.



HAFLÍÐI HELGASON

Lyf gegn verðbólgu



Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, traustra fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, traustra fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

Boltanum verður að halda á lofti

Bjarni Ármannsson fjárfestir, fyrrverandi forstjóri Glitnis, hefur ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum úr bankanum, **Frank Ove Reite**, gengið til liðs við bandarískt fjárfestingarfélag að nafni Paine & Partners. Óli Kristján Ármannsson tók Bjarna tali og komst að því að þarna fær hann bakland til stærri fjárfestinga með áherslu á Norður-Evrópu. Sjálfur fjárfestir Bjarni svo í smærri verkefnum. Til að mynda hefur hann ásamt fleirum hafið undirbúning að koltrefjaverksmiðju á Sauðárkróki. Hann segir ekki sérstaka ástæðu til að vera bjartsýnn á þróun efnahagsmála í heiminum og kveður stjórnvöld hér þurfa að bregðast skjótt við og grípa til aðgerða sem efla trú á landinu og fyrirtækjum sem hér starfi. Hann segir daga krónunnar teljanlega og ljóst að gjaldmiðillinn hafi glatað trúverðugleika jafnt innan lands sem utan.

Bjarni Ármannsson fjárfestir hefur í Bandaríkjunum fundið bakland til stærri fjárfestinga hjá fjárfestingarsjóði að nafni Paine & Partners. Hann hefur með Norðmanninum Frank Ove Reite, sem er fyrrverandi samstarfsmaður Bjarna úr Glitni, gengið til liðs við sjóðinn sem *operating director*, eða það sem kalla mætti „athafnastjóra“ í lauslegri þýðingu. Þótt Bjarni hafi strax ákveðið að fara sér ekki að neinu óðslega þegar hann lét af störfum sem forstjóri Glitnis fyrir tæpu ári hefur síður en svo ríkt nokkur lognmolla hjá honum. Eftir „millileik“ með Reykjavík Energy Invest (REI) hefur hann nú fundið fjárfestingum sínum farveg til framtíðar um leið og tilveran er að komast í fastari skorður og nánasta framtíð er ljós, með flutningi til Noregs með fjölskylduna í sumar.

Tíðindi dagsins varða hins vegar nokkurs konar niðurstöðu á vangaveltum Bjarna um hvernig best sé að standa að fjárfestingum. „Maður þarf aðgang bæði að fjármagni og þekkingu,“ segir Bjarni og kveðst um skeið hafa með þetta á bak við eyrað verið í sambandi við ýmsa fjárfestingarbanka og einkaframtakssjóði (e. private equity). „Niðurstaðan er að við Frank Reite, sem starfaði með mér í Glitni, höfum gert samkomulag við „private equity“-sjóð sem heitir Paine & Partners og gerumst það sem kallað er „operating director“. Félagið segir Bjarni stofnað árið 1997 og hafa frá þeim tíma fjárfest fyrir tæplega sex og hálfan milljarð Bandaríkjadala í félögum í ýmsum atvinnugreinum. „Ávöxtun á það eigið fé sem í þeim fjárfestingum hefur verið bundið hefur að jafnaði verið 33 prósent á ári. Þeir sem að félaginu standa hafa þannig getið sér mjög gott orð, enda eru á meðal þeirra margir af eftirsóttustu fjárfestum heims.“

Í LIÐI MEÐ ÖFLUGUSTU FJÁRFESTUM HEIMS

Bjarni og Frank Ove starfa með Paine & Partners en hafa að sérsviði fjárfestingar í sjávarútvegi, orkuiðnaði og í fjármálageiranum. „Eðli málsins samkvæmt er áherslan hjá okkur meiri á Norður-Evrópu þótt fjárfestingarnar séu ekki á nokkurn hátt bundnar við það svæði, en markmiðið er að starfrækja okkar starfsemi frá Osló.“ Í dag segir Bjarni Paine & Partners vera með 44 starfsmenn, þar af helming starfsmanna í beinum fjárfestingum og aðsetur í San Francisco og New York í Bandaríkjunum. Núna fjárfestir félagið úr sjóði sem heitir Paine & Partners III og er um 1.200 milljónir dala að stærð, en það er pottur upp á tæpa níutíu milljarða íslenskra króna. Á þeim rúma áratug sem sjóðurinn hefur starfað hefur hann tekið þátt í átján svokölluðum grunnfjárfestingum, eða „platform investments“, sem síðan hafa getið af sér kaup á 59 öðrum fyrirtækjum til vaxtar og styrkingar grunnfjárfestingunum.

„Ég sé því fram á að þetta geti búið upp á ýmis áhugaverð tækifæri vegna stærðar sjóðsins, bakhjarla hans og þekkingar starfsmanna. Þá hefur verið algengt að sjóðurinn hafi fengið sína fjárfesta sem meðfjárfesta í ákveðnum verkefnum, sem er þekkt fyrirbrigði úr þessum *private equity*-geira,“ segir Bjarni, en með slíku samspili við suma af öflugustu fjárfesta heims er athafna- og fjárfestingargetan orðin umtalsvert meiri. „Áherslan verður ýmist á að styðja við bakið á núverandi fjárfestingum sjóðsins, eða finna nýjar. Þetta eru geirar sem við teljum okkur hafa ágæta þekkingu á, en með þeirra fjárhagslega hrygg og okkar tengsla-

net ættum við að geta hjálpað fyrirtækinu að skapa verðmæti fyrir sína fjárfesta.“

Aðspurður segir Bjarni ekki loku fyrir það skotið að samstarfið verði ákveðinn farvegur fyrir aukna erlenda fjárfestingu hér á landi. „Hvar okkur ber nákvæmlega niður verður auðvitað bara að koma í ljós, en við horfum náttúrlega til þessara þriggja greina; sjávarútvegs, orku og fjármálastarfsemi.“ Hann segir hins vegar að sjálfsögðu munu verða horft til áhugaverðra fjárfestinga hér á landi líkt og annars staðar. „Íslensk fyrirtæki hafa enda sýnt fram á það á síðustu árum að þau geta skapað mikil verðmæti og haft þann kraft sem þarf til að búa til fyrirtæki, láta þau vaxa og skapa verðmæti fyrir fjárfesta.“

Ef til vill þarf ekki að koma á óvart að áherslur Bjarna í fjárfestingum eru á sömu sérsviðum og lagt var upp með hjá Glitni þegar hann var þar við stjórnvölinn. Aðkoman er hins vegar önnur sem hluthafi og eigandi, meðan bankinn er meira þjónustu- og lánveitandi. Ekki er því útilokað að þarna kunni að vera fletir til frekara samstarfs.

ER EKKI BJARTSÝNN Á PRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, hefur haft á orði að í fjármálageiranum hafi viðgengist „rugl“, svo sem í launagreiðslum æðstu yfirmanna. Bjarni kveðst hins vegar vilja stíga varlega til jarðar í yfirlýsingu um slík mál. „Fjárfestingarbankastarfsemi er eðli málsins samkvæmt þannig að tekjurnar koma í bylgjum og það geta verið fáir einstaklingar sem velja þar því hlassi sem ræður hvort viðskipti lenda þeim megin hryggjar eða annars staðar. Þá hefur sýnt sig í alþjóðlegu umhverfi á þessum vettvangi að menn fljóta mjög auðveldlega á milli fyrirtækja og leiðir þessara banka til að bregðast við því hafa verið að mismuna fólki með launagreiðslum. Ég held að íslenskir bankar geti ekki verið undantekning í þeim efnum, en auðvitað er alltaf matsatriði hvort of langt hafi verið gengið í einstökum tilfellum. Þetta snýst því í raun ekki um grundvallarregluna, heldur hvað sé ásættanlegt og hvað ekki í því umhverfi sem menn starfa.“

Starfsumhverfi alþjóðlegra fjármálafyrirtækja hefur hins vegar breyst síðustu misseri og jafnvel þannig að hrikti í stoðum þeirra sumra hverra sem illa voru í stakk búin til að takast á við lausafjárþurrðina sem nú ríkir í alþjóðlegum fjármálamörkuðum. „Það er alveg ljóst að við lifum á mjög sögulegum tímum. Í dag eru afskriftir vegna undirmálslána og skuldabréfavafninga frá því í júní í fyrra rétt að ná í 300 milljarða dollara og auðvitað ljóst að þær hreyfingar allar og afleiðingar þeirra skekja markaðinn gríðarlega. Á öllum eignamörkuðum er undirliggjandi hræðsla. Jafnframt er ljóst að hlutabréfmarkaðir í heiminum eru almennt mun jákvæðari á þróunina en endurspeglast í álagi á skuldatryggingar og á skuldabréfamörkuðum þar sem ríkir svart-sýni og jafnvel sums staðar frost líkt og við höfum mátt þola hér á landi,“ segir Bjarni og kveður ljóst að ekki geti bæði sjónarmið verið rétt.

„Raunveruleikinn liggur líkast til þarna á milli einhvers staðar. Ég held að fyrsta stigs áhrifin af þessari undirmálskrísu séu komin eða um það bil að koma fram og stærsta spurningin nú sé hvernig annars stigs áhrifin verði, það er áhrifin á neyslulán og á húsnæðisverð, atvinnuleysi og neytendahegðun,“ segir hann og telur ekki ástæðu til sérstakrar bjartsýni um þá þróun á heimsvísu, að minnsta kosti ekki eins og sakir standa. „Við búum við þær



REYKJAVÍK ENERGY INVEST (REI) ... EFTIR

Verður aldrei þa

„REI-málið var afskaplega lærdómsríkur ferill og eftir á liggur fyrir að hefðu málin þróast með öðrum hætti hefðu legið mikil tækifæri í hugmyndinni,“ segir Bjarni Ármannsson, sem var stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest og ætlaði að taka þátt í uppbyggingu og útrás í orkugeiranum þar sem byggt yrði á þekkingargrunni Orkuveitu Reykjavíkur og kallaðir til samstarfsaðilar úr einkageira.

„Orkuveitan gat selt sinn hlut á einhverja 23 milljarða króna og ef samrunaferlið við Geysi Green Energy hefði náð fram að ganga hefði á þessum tíma verið hægt að ná í verulega fjármuni sem nýst hefðu getað núna þegar markaðsaðstæður eru þannig að þessir sömu fjármunir hafa mun meiri kaupgetu en þeir höfðu þá. En slíkar vangaveltur verða í sjálfu sér aldrei annað en akademískar,“ bætir Bjarni við og segir allan eftirleik REI-málsins sífellt minni keim bera af efnislegri umræðu og bera fremur merki persónulegra átaka.



Í SJÓNVARPS-sonar, fyrrverandi sonar, fyrrverandi tengdar tilurðir kom berlega í ljósi Sjónvarpsins sí

„En rykið er að erfitt er staðan er.“

Bjarni sé sé geti aldr bera fremur merki persónulegra átaka. „Ég

landbúnaður

MIÐVIKUDAGUR 23. APRÍL 2008

Hlédís
Sveinsdóttir
býður almenningi að
kynnast sveitinni.
BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL



„Vel í sveit settur“

„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur. Við þurfum reglulega að endurnýja bílafloata okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsingu síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsingu er ég einfaldlega best settur.“

Jóhann Unnar Guðmundsson framkvæmdastjóri,
Vöndull ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir


LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Byggingarframkvæmdir á nýju nautastöðinni hafa gengið vel að sögn Gunnars og er áætlað að þeim ljúki í júlí og stöðin verði tekin í notkun í haust. MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON



Stöðin á Hesti leysir af hólmi uppeldisstöð fyrir nautkálfa sem nú er í Þorleifskoti. MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON



Gunnar Guðmundsson, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs Bændasamtaka Íslands, segir að nautastöðin á Hesti muni verða hjarta kynbótastarfsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hjarta íslensks kynbótastarfs

Bændasamtök Íslands bera ábyrgð á sameiginlegu kynbótastarfi í nautgriparækt og öðrum búgreinum. Nú er verið að byggja nýja nautastöð á Hesti í Borgarfirði. Sú stöð mun sameina á einn stað starfsemi sem fer fram í uppeldisstöðinni í Þorleifskoti austur í Flóa og fæðingastöðinni á Hvanneyri.

„Við munum sameina starfsemi undir einu þaki, því í öðrum hluta hússins verða aldir upp þeir kálfa sem þykja efnilegastir og í hinum hlutanum munu þeir standa sem kynþroska naut í stíum þar sem sæðisskammtar verða teknir,“ segir Gunnar Guðmundsson, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs Bændasamtaka Íslands.

„Starfsemi er þannig hátt að að við rekum afurðaskýrsluhald frá bændum. Það gengur út á að safna upplýsingum um af-

urðir og nyt, en svo vitum við líka nákvæmlega um ættir einstakra gripa. Á grundvelli þeirra upplýsinga er rekið kynbótastarf þar sem við veljum til ásetnings bestu einstaklingana sem foreldra næstu kynslóðar.“

Stöðin á Hesti mun leysa af hólmi uppeldisstöð fyrir nautkálfa sem nú er í Þorleifskoti. Þangað eru teknir inn á milli fimmtíu og sextíu efnilegir nautkálfa og aldir upp. Þjáti ekkert á, það er ef byggingin reynist í lagi, ekkert bendir til hryggskekkju og kálfarnir þrífast eðlilega, eru þeir fluttir á Hvanneyri þar sem teknir eru um það bil þúsund skammtar af sæði. Sæðisskammtarnir eru svo djúpfrystir í fljótandi köfnunarefni við mínus 196 gráða frost og þeim dreift á bú um land allt. Að meðaltali eru teknir um sex til sjö þúsund skammtar af sæði úr hverju nauti áður en því er slátrað.

„Nautastöðin á Hesti verður hjarta kynbótastarfsins,“ segir

Gunnar. „Með þessari nýju stöð ætlum við að ná fram þeirri hagræðingu að þegar hún verði komin í fullan gang geti tveir starfsmenn þjónað henni. Meðan básafjós er í gamla Þorleifskotinu munu nautin á Hesti hafa aukið sigrúm því þar verður lausaganga í stíum og hver skepna höfð út af fyrir sig. Þá fer minni tími í hirðingu, en með því móti næst ákveðin hagræðing.“

Ekki er þá allt upptalið, þar sem ætlunin er að reisa einangrunarstöð á Hesti. „Í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld náum við að gera þessa stöð þannig úr garði að hún uppfylli allar kröfur um sóttvarnir og heilbrigðiseftirlit, eins og vera ber á stöðum sem annast dreifingu á sæði um land allt.“

Að sögn Gunnars hafa byggingarframkvæmdir á nautastöðinni gengið vel, þótt tíðin „hafi verið stíð og leiðinleg til byggingarframkvæmda“. Reiknað er með að framkvæmdum verði lokið í júlí og stöðin verði tekin í notkun á haustmánuðum. -nrg



Gehl smágröfur

Gröfur frá USA
með yfir 100 ára reynslu

Gerð
verðsamanburð

MHG
VERSLUN

BETRI VÉLAR TIL VORVERKANA



Áburðardreifingar, einnar eða tveggja skifu
 - 700, 900 og 1200 lítra áburðartrekkir
 - Ryðfrír dreifibúnaður
 - Lág hleðsluhæð
 - Kögglassígti og kapalstýring



Stórar haugsugur á flotmiklum hjólbörðum
 - Stærðir 10.000 og 11.000 lítra
 - 10.000 lítra vacuumdæla
 - Sjálfvirkur áfyllingarbúnaður
 - 6" sogbarki með hraðtengjum
 - Vökvastýring á dreifistút
 - Vökvabremsur og ljósabúnaður
 - Einnig fánlegir galvaniseraðir



Kastdreifarar 5,4 m³ á flotdekkjum 15R22,5 með vökvastýrðu loki og bremsum



Mest seldu mykjudælnar á Íslandi í áraraðir. Þekktar fyrir gæði, afköst og endingu.




Brunndæla TP270
 Fyrir mismunandi dýpt á haughúsum, frá 1,6 – 4,0 mtr.

Skádæla TP360
 Hentar vel til dælingar úr grunnum og djúpum haughúsum. Þrenging við dreifistút eykur afköst og virkni dælnar við uppdælingu. Vegna hreyfanleika og staðsetningu dreifistúts er auðvelt að koma dælnni inn um lítið op.



Jarðtætarar og pinnatætarar
 Vinsælir vegna gæðanna
 - Vinnslubreiddir: 80, 90 og 100 tommur
 - Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður



Sænskir fullkomnir vendiplógar
 4 skera með stillanlegri plógstrengjabreidd. Vökvamiðstilling, fjaðrandi forskerum og sjálfstæðum vökvaútslætti á hverjum skera.



AGC/SINGAST. E. BACKMAN



ALÖ Quicke aukabúnaður
 Mikið úrval af ALÖ Quicke aukabúnaði í vorverkin s.s. grjóttínskóflur, taðkvíslar og skóflur í mörgum stærðum.



Bændur, nú er rétti tíminn til að panta



Laumubændur vakna til lífsins

Hlédís Sveinsdóttir hleypti nýlega af stokkunum verkefniinu www.kindur.is, sem veitir almenningi tækifæri til að eignast eða taka kind í fóstur.

„Kindur hafa verið stór hluti af mínu lífi enda alin upp í sveit að Fossi á Snæfellsnesi. Þar búa foreldrar mínir enn og stunda þar sauðfjárrækt. Í dag sé ég hversu mikil forréttindi það eru að hafa aðgengi í sveit og þannig vaknaði hugmyndin að kindarverkefniinu,“ segir Hlédís Sveinsdóttir, sem nýlega hleypti af stokkunum verkefniinu www.kindur.is. Þar gefst almenningi kostur á að eignast eða taka í fóstur kind í íslenskri sveit. Sjálf er Hlédís löngu flutt á mölina en hefur síður en svo gleymt uppruna sínum.

„Íslenska sauðkindin er nátengd lífi okkar og menningu, enda erum við upphaflega öll úr sveit og ekki langt síðan bændasamfélagið var allsráðandi. Þetta hefur hins vegar breyst á mjög skömmum tíma og flestir hafa misst upprunatengingu við matinn sem við borðum. Mig langaði að gera sveitina aðgengilega fyrir sem flesta og auka skilning almennings á byggð í sveit. Auk þess er eitt markmiðið að skapa atvinnu- og búsetu-grundvöll fyrir bændur eins og



Sauðkindin á sér stað í hjarta bóndadótturinnar Hlédísar Sveinsdóttur, sem býður nú almenningi að kynna sveitinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

foreldra mína sem ekki eru með kvóta,“ segir Hlédís, en auk foreldra hennar á Fossi taka bæirnir Gaul á Snæfellsnesi og Klossar við Dalvík á Norðausturlandi þátt í verkefniinu.

„Fyrirkomulagið er tvenns konar. Annars vegar er hægt að taka kind í fóstur í gegnum heimasíðuna. Þá er hægt að velja kind af síðunni og nefna hana. Hins

vegar er hægt að kaupa kind sem er valin af síðunni. Bæði eignar- og fósturkind senda síðan jólakort þar sem farið er yfir árið, auk aðgengis í sveitinni fimm til átta daga á ári á opnum dögum. Síðan er hægt að láta vinna ull gegn aukagjaldi hjá Ullarselinu, og fyrir þá sem kaupa kind er hægt að láta vinna gærna hjá Sjávarleðri. Eigendur fá að sjálfsögðu

kjötafurðir heim að dyrum, annað hvort fínskornar eða úrbeinaðar,“ segir Hlédís og bætir við að fósturkind kosti 15.500 krónur á ári eða 1.292 krónur á mánuði og eignarkind kosti 39.500 kr. á ári eða 3.292 kr á mánuði.

Viðtökur hafa að sögn Hlédísar farið langt fram úr væntingum. „Mér finnst laumubændur og sauðfjárahugafólk hafa sprottið

upp allt í kringum mig. Ólíklegasta fólk hefur haft samband og það er greinilegt að íslenska sauðkindin á sér djúpar rætur í æskuminningum margra,“ segir hún hlæjandi. „Kosturinn við eignarkindina er kannski að þarna er eigandinn að gæðastýra sínu lambakjöti alveg upp á disk. Þess vegna er líka svo mikilvægt að halda smærri byggð í sveit, svo Ísland endi ekki með örfá risabýli. Þessi smærri býli eru það sem gerir íslensku sveitina að því sem hún er,“ segir Hlédís, sem hefur fengið fjölda fyrirspurna um annars konar fósturdýr.

„Hænur eru greinilega vinsælar eins og sauðkindin því margir hafa spurt um þær, meðal annars sumarhúsaeigendur sem gætu hugsað sér að vera með hænur á sumrin og fá sér egg,“ segir Hlédís, sem segir kindina líka vinsæla gjöf. „Fyrir þann sem á allt er þetta tilvalin gjöf. Svo stendur einnig til að bjóða gjafabréf þar sem fólk getur boðið í mat þegar kindin er komin á diskinn,“ útskýrir hún.

Næsti opni dagur, þar sem fólk getur heimsótt sína kind eða komið til að skoða mögulega eignar- eða fósturkind, er hinn 1. maí að Klossum við Dalvík og hinn 17. maí að Fossi og Gaul á Snæfellsnesi.

Sjá www.kindur.is.

-rh

Fyrsta flokks tækni í fyrirferðarlítilli hönnun



SCHÄFFER liðléttingarnir eru liprar og öflugar vinnuvélar sem bjóða upp á mikla notkunarmöguleika á hefðbundnu sveitabýli.

Algengasta notkun vélanna er í kringum fóðrun gripa og útmokstur á búfjáraður úr kjöllum eða stíum. Liðléttingarnir eru fánlegir í mörgum stærðum og gerðum sem henta við hinar fjölbreytilegustu aðstæður.

Minnstu vélarnar eru einungis 79 sm á breidd og geta snúið við nánast á punktinum. Þessar vélar geta þrátt fyrir smæðina lyft venjulegum rúllubagga upp í 2,70 m hæð.

Stærstu liðléttingarnir eru aftur á móti fullvaxnar vinnuvélar sem geta lyft hlasi yfir 3 tonn.

SCHÄFFER framleiðir 40 gerðir vinnuvéla og ein af þeim er sérsniðin að þínum þörfum



2000 línan

Aft: 22 - 33 hö Lyftiaft: 1500 - 1600 kg



3000 línan

Aft: 26 - 45 hö Lyftiaft: 1600 - 1700 kg



4000 línan

Aft: 50 - 60 hö Lyftiaft: 2300 - 2400 kg




Skotbómur

Aft: 48 - 156 hö Lyftiaft: 1800 - 3500 kg

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is



Landbúnaðarsýning verður haldin á Hellu í ágúst á þessu ári. Þar stendur til að sýna eitt og annað sem tengist landbúnaði; handverk og smalahunda svo fátt eitt sé nefnt.

Fjölbreytni í fyrirrúmi

Landbúnaðarsýning verður haldin á Gaddstaðflötum við Hellu dagana 22. til 24. ágúst í tilefni af aldarafmæli Búnaðarsambands Suðurlands.

Fjölbreytni verður þar höfð í fyrirrúmi og áhersla lögð á þróun, tækni, hlutverk og stöðu landbúnaðar í þjóðfélaginu.

Til marks um fjölbreytnina eru hugmyndir uppi um að þar verði véla- og tækjasýning, búfjárræktarsýningar, afurðasýningar/kynningar, smalahundasýning, garðyrkju- og blómasýning, handverks-

sýning, vöru- og þjónustusýning. Auk þess stendur til að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá.

Svæðið þykir henta vel undir sýningu af þessari stærðargráðu, enda næg bílastæði, tjaldsvæði, hjólhýsa- og fellihýsasvæði og mikið landrymi auk þess sem þá verður búið að reisa rúmgóða reiðhöll.

Nánari upplýsingar má fá hjá Jóhannesi Hr. Símonarsyni, framkvæmdastjóra Landbúnaðarsýningarinnar, í síma 480-1809.

Sjá www.bssl.is.

-rv

Japönsku

KUBOTA TAKTORARNIR

bjóðast nú á sérstöku tilboðsverði



KUBOTA M108s - 108 hö

Einstaklega lipur og skemmtilegur traktor með sparneytnum 4ra strokka KUBOTA mótör. 32 gírar áfram og afturábak með kúplingfríum vendigír. Rúmgott ökumannshús með loftkælingu (A/C) og loftpúðasæti fyrir ökumann. Öflugt vökvakerfi og vökvalyftur dráttarkrókur auk annars búnaðar. Það er leit að öðrum eins alhliða traktor fyrir íslenskan landbúnað!

Kubota



KUBOTA M125X - 125 hö

Ótrúlega öflugur og duglegur traktor sem er fær í flest verk. 5 strokka 5,8 l KUBOTA mótör. INTELLI-SHIFT gírskipting með 8 kúplingsfríum milligírurum og kúplingsfríum vendigír. Öflugt vökvakerfi og rafstýrt beisli. Nákvæm rafstýring á aflúrtaks- og ökuhraða. Rúmgott ökumannshús með loftkælingu (A/C) og loftpúðasæti. Afar vel búinn traktor sem kemur flestum á óvart!

Hafið samband við sölumenn okkar - eða kíkið inn á vefsíðuna okkar, www.thor.is. -
og fræðist nánar um japönsku KUBOTA dráttarvélarnar

 **PÓR HF**
REYKJAVÍK - AKUREYRI



Bætiefnalína Líflands

ORKUDRYKKUR fyrir kýr

LÍFLAND
Korngörðum 5
104 Reykjavík
Sími: 540 1100
lifland@lifland.is
www.lifland.is

Orkudrykkurinn er :
hagkvæmur í notkun •
lystugur •
auðveldur í blöndun •
ríkur af Kalsíum •
ríkur af Gluco-TN •

Orkudrykkurinn stuðlar að :
meiri inntöku gróffóðurs •
skjótum bata eftir burð •
minni hættu á vambarsnúningi •
hærra mótstöðuafli og lífsþrótti •



Pakkning: Plastfata
Magn: 5 kg



Orkudrykkur sem flýttir bata eftir burð

Mikilvægt er að fódra kýrnar sem best í geldstöðu svo þær ná sér sem fyrst og komist í sem besta nyt eftir burð. Því er mikilvægt að gripirnir fái auðupptakanlega orku, steinefni og vítamín. Orkudrykkurinn inniheldur öll þessi efni auk þess sem hann er mjög **lystugur**.

✓ Orkudrykkurinn inniheldur gerjaðar sykrur sem stuðla að heilbrigði þarmanna.

✓ Orkudrykkurinn inniheldur vítamín, steinefni og snefilefni sem efla ónæmiskerfið.

✓ Hátt innihald (4.4%) kalsíums minnkar líkur á doða.

Til að ná hámarksárangri:

✓ Leysið **Orkudrykkinn** upp í heitu vatni (40-50°). Ef vatnið er of kalt minnka bragðgæðin.

✓ Gætið þess að kýrin hafi ekki aðgang að köldu vatni eftir burð þar til hún hefur fengið **Orkudrykkinn**.

✓ Blandið aðeins einn skammt í einu.

✓ Lokið fötunni að notkun lokinni.

Fæst í verslunum Líflands.



Landbúnaðarsafn Íslands stofnaði nýlega nýtt vefrit, Plóg, þar sem birtar verða greinar um íslenska búnaðarsögu og það sem henni kann að tengjast.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frásagnir og fróðleikur

Landbúnaðarsafn Íslands stofnaði á dögunum til vefritsins Plógs, þar sem birtar verða greinar um íslenska búnaðarsögu eða viðfangs-efni sem tengjast henni. Hlutverk vefritisins er að varðveita og miðla lýsandi, greinandi og skemmtilegum fróðleik um einkenni, þróun og stöðu íslensks landbúnaðar á ýmsum tímum og svæðum.

Útgáfa á nýju efni verður kynnt í fréttadálki á heimasíðu safnsins www.landbunadarsafn.is. Verður efnið birt þar en viðbúið er að hluti þess komi út á öðru formi, til dæmis prentað efni, eftir því hvað þykir henta best hverju sinni.

Vefritinu má að auki skipta í tvær deildir; annars vegar A-

deild þar sem finna má greinar byggðar á rannsóknum höfunda og mega teljast sjálfstæð viðbót við núverandi þekkingu og hins vegar B-deild sem inniheldur efni almenns eðlis, frásagnir og fróðleik um afmörkuð viðfangs-efni.

Nánari upplýsingar á www.landbunadarsafn.is.

Vélfang – Notaðar vélar Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar



Ford 6640 SL

Árg: 1994
Notkun: 5.600 vst.
Stærð: 85 hö
Búnaður: Ámoksturst, 1vökva-
milligír og vendigír.



Landini Gibli 100

Árg: 2001
Notkun: 1.100 vst.
Stærð: 100hö
Búnaður: Trima



Kverneland

Árg: 1995
Búnaður: Barkastýrð



John Deere samstæða

Árg: 2006
Notkun: 6.700 rúllur



Ford 350

Árg: 2003
Notkun: 130.000 km.



Case MXU 110 Pro

Árg: 2006
Notkun: 900 vst.
Stærð: 110-137 hö
Helsti búnaður: Ámoksturtæki



Valtra N141

Árg: 2007
Notkun: 490 vst.
Búnaður: Ámoksturtæki, 3 vökva-
milligírar



Case 4240 XL

Árg: 1995
Notkun: 2.706 vst.
Stærð: 82 hö
Helsti búnaður: Vetö FX-16



Iveco Euro 120E23 R/FP

Vörubíll
Notkun: 250.000 km.
Árgerð: 1997



Fella TS 800

Árg: 2003
Notkun: 1.100 vst.
Stærð: 6,8-7,6 metrar



VÉLFANG

VERKIN TALA





Akralind 2
201 Kópavogur
S: 555-6444



Mjög góðar
dísel og bensín
rafstöðvar frá SDMO
í Frakklandi.
Stöðvarnar eru með
Honda / Yanmar vélum.


Margar stærðir.
Gott verð.



Sturtuvagnar og stálgrinda- hús frá WECKMAN



Sturtuvagnar



Einnig þak-
og veggstál
á góðu verði

Stálgrindahús.
Margar gerðir,
hagstætt verð.



H. Hauksson ehf
Suðurlandsbraut 48
Sími: 588 1130
Fax: 588 1131

Spennandi nám í búfræði!

Nám í búfræði tekur tvö ár. Að því loknu
starfa flestir við landbúnaðarstörf og marga
búfræðinga er að finna innan stoð- og
þjónustugreina landbúnaðarins.

Markmið með námi

Aukin þekking og færni til að takast á við búrekstur og allhliða
landbúnaðarstörf

Fjölbreytt námsefni

Í náminu er meðal annars fjallað um búfjárrækt, jarðvegs- og
umhverfisfræði, nytjaskógrækt, málmsuðu og bókhald. Möguleikar
á sérhæfingu í náminu eru einkum á sviði nautgripa-, sauðfjár- og
hrossaræktar. Fjórðungur námsins felst í námsdvöl á einu af
tæplega 80 kennslubúum, sem Lbhí er með samstarfssamning við.
Námið er góður undirbúningur til framhaldsnáms á sviði almennra
náttúruvísinda, búvísinda og dýralækninga. Boðið er upp á
búfræðinám í fjarnámi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Góð aðstaða

Á Hvanneyri er nýtt kennslufjós og nýleg fjárhús á Hesti. Þá er
skólinn með frábæra aðstöðu til kennslu í hrossarækt og
hestamennsku.

Umsóknarfrestur um skólavist er til 4. júní.



Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri · 311 Borgarnes · Sími 433 5000 · www.lbhi.is



McCORMICK

Mikið úrval dráttarvéla á gamla verðinu
meðan birgðir endast



C-Max 92 og 98 hestöfl



CX 81 og 102 hestöfl



MC 115 og 132 hestöfl



ZTX 280 hestöfl



XTX 185 og 200 hestöfl



MTX 135 og 150 hestöfl

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



- ... brunna- og borholudælur
- ... dælusettt með þenslukeri og stjórnbúnaði
- ... háþrýstar þvottadælur

- ... gæða vörur á hægstæðum verðum!



4" BORHOLUDÆLA
SCM 4 PLUS 75/52

DRAIN 120 / 6
M. flotrofa

VIP 100 / 6
M. flotrofa

WATERPRESS INOX

W.P. SUPERINOX

MP50 Bensín

950 W

280 W

270 W

800 W

1100 W

2,6 HP - 47,7 cc.

56 m / 5,6 bar

6 m / 0,6 bar

6 m / 0,6 bar

46m. / 4,6 bar

50 m. / 5 bar

30 m / 3 bar

4500 l / klst.

7000 l / klst.

6500 l / klst.

3600 l / klst.

4200 l / klst.

16200 l / klst.

Stál AISI304

Stál og plast

Polypropylene

Riðfrítt stál AISI304

Riðfrítt stál AISI 304

Bensín m. 4% olíu.ibl.

Rafmk. 15 m.

Min vatnsh. 2 cm.

Min vatnsh. 2 cm.

min 2 / max 3 bar

min 2 / max 3 bar

Þyngd 8 Kg.

Stjórnbox m. öryggi

Kornastærð 6 mm.

Kornastærð 6 mm.

Stál 24 lítra

Stál AISI 304 24 l.

Slöngutengi 1" (25mm.)

Slöngutengi 1"

Slöngutengi 1"

Slöngutengi 1"



Smiðjuvegi 66
200 Kópavogi - S. 580 5800

LANDVÉLAR

<http://www.landvelar.is> - landvelar@landvelar.is



STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288



óvenjulegu aðstæður að uppsveifla í Suðaustur-Asíu hefur keyrt upp verð á hrávöru, málmum og matvælum, auk þess sem ýmsir þættir sem áður voru nýttir til matvælaframleiðslu eru nú notaðir við orkuframleiðslu. Þetta þýðir að við göngum of hratt á auðlindir heimsins. Einhvers konar endurskipulagning í þeim efnum er bráðnaðsynleg og hluti af þeirri aðlögun verður samdráttur í eftirspurn, eða í vexti, í hinum vestræna heimi. Ég held að við séum í ákveðnu sögulegu ferli og þegar hlutir gerast mjög sjaldan, jafnvel bara einu sinni til tvisvar í líftíma fólks, er afskaplega erfitt að spá fyrir um hvað muni gerast. Til skemmri tíma lítið tel ég hins vegar ekki ástæðu til sérstakrar bjartsýni. Hvað okkur Íslendinga varðar er ljóst að lausafjarkrisan hittir okkur illa fyrir vegna þess hve fjármálageirinn er stór hluti af okkar fyrirtækjarekstri og hvað hann vegur þungt í vexti samfélagsins. Um þriðjungur af vexti í þjóðarframleiðslu frá aldamótum hefur komið frá fjármálaþjónustu.“ Samhliða þessum þrengingum segir Bjarni þjóðarþúfið mega horfa upp á samdrátt í erlendri fjárfestingu vegna loka fjárfestinga vegna uppbyggingar í ál- og orkuíðnaði. „Ég held að þetta muni taka tíma að jafna sig á Íslandi og vona að stjórnvöld og þar til bærir aðilar beri gæfu til að taka réttar ákvarðanir í efnahagsmálum.“

KRÓNAN HEFUR MISST TRÚVERÐUGLEIKA

Bjarni er hins vegar ekki alveg skoðanaless þegar að því kemur að meta hvaða ákvarðanir séu réttar í að stýra efnahagslífi þjóðarinnar þannig að draga megi úr neikvæðum áhrifum niðursveiflu og fjármálaþrenginga heimsins. „Ég held að við þurfum að einbeita okkur að því, og hefðum þurft að vera búin að því fyrir, að tryggja að lánveitandi til þrautavara geti útvegað íslensku bönkunum fjármagn í erlendri mynt. Það er hlutverk Seðlabankans og hann hlýtur að taka það hlutverk mjög alvarlega. Á sama tíma horfir maður til þess að lánshæfismatsfyrirtæki sem og aðrir sem virða íslenskt hagkerfi fyrir sér úr fjarlægð líta til þess hvort stjórnvöld hafi skýra sýn á framtíðarskipan þessa samfélags. Ég held að við þurfum að horfast í augu við að annað hvort eru dagar krónunnar taldir eða teljanlegir. Gjaldmiðillinn, eins og staðan er í dag, hefur misst trúverðugleika, bæði held ég hjá okkur Íslendingum og alþjóðlega. Þegar það kemur ofan á lausafjarkrísu og samdrátt í framkvæmdum er við vandamál að eiga á mjög mörgum sviðum og þá þarf stefnan að vera skýr.“ Bjarni áréttar að sjálfsagt sé hægt að marka fleiri en eina farsæla stefnu til að vinna eftir, en ljóst sé að hraða þurfi mjög þeirri vinnu að marka þjóðinni farveg í þessum efnum. „Maður sér að sjálfsögðu hvernig umræðan um Evrópusambandið er að taka á sig nýja mynd; margir sjá það sem lausnarfarveg núna og það má vel vera. Ég held það sé alveg ljóst að við þurfum að setja það mjög hratt niður fyrir okkur hvers konar samfélag við viljum byggja upp og hvers konar efnahagsstjórn því það er alls ekki nógu skýrt í dag og kemur klárlega fram hjá þessum alþjóðlegu greiningaraðilum.“

Bankarnir segir Bjarni að hafi tekið sig mjög saman í andlitinu, bætt upplýsingagjöf og tekið strangari viðmið í starfsemi sinni í tengslum við umræðuvanda sem skapaðist um starfsemi þeirra á vordögum 2006. „Staða bankanna var því sem betur fer mjög sterk þegar lausafjarkreppan skall á, en að sama skapi eru innviðir fjármálakerfisins sem við búum við ekki jafnstærkir og æskilegt væri. Þar liggur beinast við að tala um lítinn

gjalddeyrissvaraförða í samanburði við stærð banka-kerfisins. Við erum með tiltölulega ungt kerfi og þar af leiðandi eftirlitsaðila, á meðan starfsemi banka sem rekin er frá Íslandi er víðfeðm og nær um heim allan. Eins og alltaf tekur tíma að vinna trúverðugleika og eins og staðan er í dag fær enginn að njóta vafans. Það setur enn meiri kröfu á innviðina – að ramminn haldi.“

Evrópusambandsaðild er ein leið til lausnar að mati Bjarna, en hann áréttar að úrlausnarefnið sé fremur pólitískt en hagstjórnarlegt til lengri tíma lítið. „Fram til þessa höfum við leyst stöðu svipaða því sem við erum í dag í með lækku á gengi krónunnar og þar með rýrnun kaupmáttar í gegnum verðbólgu. Því er ljóst að við yrðum að temja okkur miklu agaðri vinnubrögð ef gengi myntarinnar væri fast og leiðrétting í efnahagsniðursveiflu kæmi fram í auknu atvinnuleysi og launalækkunum. En það má vel vera að samfélagið sé tilbúið til þess. Þessu fylgja öllu kostir og gallar.“ Aðalatriðið segir Bjarni að setjast faglega yfir hverjir möguleikar þjóðarinnar séu. „Möguleikar okkar til sérstöðu eru vitanlega meiri utan Evrópusambandsins en innan, en þeir sérstöðumöguleikar þurfa þá að vera einhvers virði, hvort sem þar er rætt um möguleika á alþjóðlegri fjármálamiðstöð eða eitthvað annað,“ segir Bjarni og bætir við að hér hafi menn þegar sýnt á afgerandi hátt fram á getuna til að koma góðum hlutum til leiðar. „Á Íslandi er til mikil þekking og ef hún er samtengd krafti og vilja til að búa til verðmæti höfum við sýnt fram á að það getum við gert. Saga Íslands á 20. öldinni er auðvitað eitt stórt kraftaverk. Við förum úr því að vera fátækasta ríki Vestur-Evrópu í að vera sjötta ríkasta land í heimi. Auðvitað eru sveiflurnar meiri vegna smæðar hagkerfisins, en það minnir mann á mikilvægi þess að enda þótt blási á móti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og það hafi afleiðingar hér megum við ekki hætta að skapa og fjárfesta í einhverju nýju. Við verðum að halda boltanum á lofti og þróuninni gangandi.“

Bjarni lætur ekki sitt eftir liggja í þeim efnum að halda boltanum á lofti og hefur sjálfur fjárfest í nokkrum smærri verkefnum, bæði heima og erlendis. „Nú er rétt að verða komið ár síðan tilkynnt var um að ég hefði ákveðið að hætta hjá Glitni. Á þeim tíma ákvað ég tvennt, annars vegar að fara ekki mjög hratt af stað og hins vegar að prófa að vera í hlutverki eigandans, sem hefði það að markmiði að vinna með fjárfestingum sínum og auka þar með verðgildi þeirra,“ segir Bjarni og kveðst eðli málsins samkvæmt hafa skoðað mun fleiri fjárfestingar en lagt hafi verið í. „Í dag er ég með nokkrar slíkar undir,“ segir hann, en þar á meðal er smálánafyrirtækið Folkia sem er með starfsemi í Svíþjóð, Noregi og í Danmörku og svo fjárfesting hans í Glitni Property Holding þar sem hann er stjórnarformaður með tæplega tólf prósent hlut. Þá hefur Bjarni einnig fjárfest í iðnaði hér heima, svo sem með kaupum á Gasfélaginu síðasta sumar. „Það er skemmtilegt lítið fyrirtæki og ég hef verið að horfa til þess hvernig megi þróa það. Aukin gasnotkun er náttúrulega vatn á myllu þess fyrirtækis og hún hefur vaxið með aukinni notkun almennings sem og í stór-íðnaði, svo sem álframleiðslu þar sem gas er meðal annars notað. Svo hef ég núna um skeið skoðað framleiðsluferla sem eru gasfrekir og þannig kom til að mynda upp hugmyndin um framleiðslu á koltrefjum, sem í síðustu viku endaði með stofnun undirbúningsfélags að byggingu koltrefjaverksmiðju á Sauðárkróki.“

IR Á AÐ HYGGA:

ð sem að var stefnt



SAL Ólík sýn Vilhjálms Þ. Vilhjálms-ndi borgarstjóra, og Bjarna Ármanns-ndi stjórnarformanns REI, á staðreyndir og starfsemi Reykjavík Energy Invest í viðtali hjá Helga Seljan í Kastljósi síðasta haust. MARKAÐURINN/VÖLUNDUR

er samt enn svo mikið í loftinu að átta sig nákvæmlega á hver

gigist telja að úr því sem komið er orðið úr REI það sem að var held hins vegar að þörfin til

að nýta jarðvarma víða um heim og þekking okkar Íslendinga á slíku sé óbreytt frá því sem áður var. En tækifæri Orkuveitu Reykjavíkur til að taka þátt í því, á þeim grunni sem lagt var upp með, er farið.“

Þarna spilar inn í að viðskiptahugmyndin að baki REI byggði að hluta á að hér á landi höfðu verið reist orkuver á sama tíma og hlé hafði orðið á slíkri uppbyggingu annars staðar. Þar með var hægt að sýna fjárfestum fram á ákveðna sérstöðu og forskot, en með auknum umsvifum í þessum geira í heiminum fjölga þeim sem berjast um hituna og hafa orðið sér úti um reynslu í að takast á við aðstæður og vandamál sem upp kunna að koma við gerð jarðvarmavirkjana. „Þetta gerist nefnilega svo hratt,“ segir Bjarni og bendir á að árið 2002 hafi olíuverð staðið í 25 Bandaríkjadöllum hver tunna, en sé nú komið í 115 dali. „Á þessum tíma höfum við verið að virkja jarðvarma bæði til húshitunar og raf-



orkuframleiðslu og hafa Íslendingar auðvitað notið þess, meðan húshitunarkostnaður annars staðar rýkur upp vegna verðhækkunar á gasi og olíu.“

Bjarni telur hins vegar tækifærin enn

til staðar til að nýta sérþekkingu sem hér hafi orðið til í orkugeira. „Og ég held að það verði gert þótt kannski verði það aðrir en þeir sem að var stefnt haustið 2007.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Öll vötn sýnast nú falla til Dýrafjarðar eftir ársfund SA.

Atvinnulífið og Evrópa

Björn Ingi Hrafnsson

Í Gísla sögu Súrssonar kemur þar, að öll vötn eru sögð falla til Dýrafjarðar í þeirri merkingu að orðið sé of seint að snúa við. Þótt fátt kunnir í fyrstu að sýnast sameiginlegt með Brussel í Belgíu og hinum fagra Dýrafirði verður ekki annað sagt en að margt bendi til þess að svo mikill slagkraftur sé kominn í umræður um gjaldveyrismálin og aðild að Evrópusambandinu á vettvangi atvinnulífsins, að vart verði aftur snúið. Þessa sáust til að mynda glögglega merki á ársfundi Samtaka atvinnulífsins síðastliðinn föstudag.

Viða erlendis hafa atvinnurekendur verið fremstir í flokki þeirra sem barist hafa fyrir aðild að Evrópusambandinu, nægir að nefna Svíþjóð í því sambandi. Þessu hefur að mörgu leyti verið öðruvísi farið hér á landi og hafa Samtök iðnaðarins á stundum verið í hlutverki hrópandans í eyðimörkinni í þessum efnun. Veruleg breyting hefur nú orðið á og má þar væntanlega leita hvort tveggja skýringa í aukinni alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og stöðu íslensku krónunnar og eins breyttu vægi einstakra atvinnugreina í efnahagskerfinu, þar sem útgerðin leikur ekki sama lykilhlutverkið og áður.

Í aðdraganda ársfundarinnar sendi framkvæmdastjórn SA frá sér harðorða ályktun þar sem fullyrt var að íslenska krónan fengi fallelunn sem samkeppnishæfur gjaldmiðill þegar litið væri til þriggja helstu mælikvarðanna, þ.e. verðbólgu, vaxta og gengis gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Ákvað framkvæmdastjórnin að setja á laggirnar nefnd sérfræðinga til þess að meta möguleika á evrvæðingu atvinnulífsins, sem fæli þá í sér að einka- aðilar notuðu evruna sem gjaldmiðil í öllum viðskiptum sín á milli.

Við sama tón kvað á ársfundinum sjálfum. Og einhverja merkustu yfirlýsinguna í þeim efnun átti fráfarandi formaður SA, Ingimundur Sigurðsson, er hann sagði: „Því vil ég nota þetta tækifæri til þess að beina því til forsætisráðherra, hvort ekki sé nú til efni til þess að ríkisstjórnin gefi út yfirlýsingu með skýrum og afgerandi hætti þess efnis, að unnið verði að því að uppfylla viðurkennd skilyrði um stöðugt verðlag, jafnvægi í ríkisfjármálum, stöðugleika í gengisskráningu og samhæfingu langtímaavaxta, sem sett eru fyrir aðild að myntbandalagi Evrópu. Með samningi við Seðlabankann verði hafinn undirbúningur að nauðsynlegum aðgerðum til þess að ná niður verðbólgu, lækka stýrivexti og tryggja aðhald í opinberum rekstri, þannig að settum markmiðum verði náð.“

Í máli Kristínar Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagins Gaums, á ársfundinum kom jafnframt skýrt fram að óbreytt ástand gengi ekki. „Því hefur verið haldið fram að umræðan um Evrópusambandið og evru sé flótti frá því verkefni sem þjóðin standi nú frammi fyrir. Ég get ekki fallist á það. Nær væri að segja að við höfum sofið á verðinum og svikist um að marka okkur skýra stefnu í Evrópumálum meðan flest hefur gengið okkur í haginn,“ sagði hún og kvaðst óttast að fyrirtækin gætu ekki starfað áfram við óbreyttar ástæður, þeim gæti orðið nauðgur sá kostur að færa sig úr landi.

Nýr formaður Samtaka atvinnulífsins, Þór Sigfússon, fær mörg og krefjandi verkefni upp í hendurnar nú er hann tekur við hinu ábyrgðarmikla hlutverki. Miklar vonir eru bundnar við störf hans og annálaða vinnusemi, enda sífellt fleiri sammála um nauðsyn þess að taka Evrópumálin upp á næsta stig, ef svo má segja, og ræða fremur aðferðir, lausnir og næstu skref en hjakka áfram í hjólförum þeim sem íslenska flokkakerfið býður upp á.

Í þeim efnun reynir á herkænsku hins nýja formanns og taktist honum vel upp í þeim efnun, sem allar vonir standa til, geta samtök atvinnurekenda og launafólks tekið höndum saman í mikilvægasta verkefni íslensks samtíma og leitt það til lykta á tiltölulega skömmum tíma, þjóðinni til heilla.

Það yrði svo sannarlega saga til næsta bæjar.

bjorgvin@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagn-

Hagkerfi öfganna

ORÐ Í BELG

Þóra Helgadóttir hagfræðingur.



Ég verð að viðurkenna að ég hef fulla samúð með erlendum greinendum og markaðsaðilum sem reyna að leggja mat á íslenska hagkerfið. Að skilja hvað drífur svo öfgakennt hagkerfi getur ekki verið auðvelt starf, hagkerfi sem auðveldlega toppar flestar vestrænar þjóðir þegar kemur að hagvexti, atvinnuleysi, verðbólgu, vaxtastigi, viðskiptahalla og erlendum skuldum svo eitt-hvað sé nefnt. Það virðist ekki skipta máli hvaða hagstærð er í kastljósinu í hverju sinni, það er næsta víst að íslenska stærðin er öfgakennd.

Utanaðkomandi spyrja sig hvernig þjóð með vexti yfir 15%, verðbólgu sem nálgast 10% múrinn og viðskiptahalla í kringum 17% af landsframleiðslu getur starfað og meira en það, hvernig slíkt hagkerfi getur lifað af við núverandi markaðsaðstæður. Að sama skapi heilla svona öfgar blaðamenn enda ljóst að fyrirsögn eins og „Ísland með hæstu vexti í Evrópu“ eru meira gripandi en „Seðlabanki Íslands hækkar vexti í 4%“. Þessar öfgar gefa líka til efni fyrir hnyttar fyrirsagnir eins og „Ísland bráðnar“ og „Upp úr gýs á Íslandi“ en örfáar slíkar hafa litið dagsins ljós á síðustu misserum.

Nú ætla ég ekki að halda því fram að það sé engin ástæða til að hafa áhyggjur af núverandi stöðu efnahagsmála á Íslandi og að þetta sé allt misskilningur. Það eru vissulega blíkur á lofti og næsta víst að þjóðarskútan mun draga saman seglin í ár. Á móti kemur að við höfum ekki auðveldað okkur hlutina með því að halda í ýmiss konar sérstöðu sem skekkir mynd eða ykir samanburð við aðrar þjóðir og veldur ómældum misskilningi fyrir utanaðkomandi aðila.

SÉRSTADA ÍSLENDINGA

Í fyrsta lagi er það vaxtastigið. Stýrivextir á Íslandi eru 15,5% og það er líklega Evrópumet ef ekki heimsmet. Bandaríkjamenn, Bretar og aðrir Evrópubúar reka upp stór augu enda myndi slíkt vaxtastig skapa óbærilegar byrðar fyrir heimili og fyrirtæki á þeirra heimamarkaði. Greiðslubyrðir myndi hækka upp úr öllu valdi og leiða til fjöldagjaldþrota. Á Íslandi eru lán til heimiliskaupa almennt verðtryggð á föstum raunvöxtum og greiðslubyrði heimilanna helst að mestu óbreytt þó að stýrivextir hækki og hækki. Þetta fyrirkomulag þekkist nánast hvergi annars staðar. Háir stýrivextir hræða því ekki íslensk heimili, sem vilja frekar hafa þá háa í stað þess að sjá

krónuna falla og verðlag hækka. Því miður er peningamálastefna í landi verðtryggingar og fastra raunvaxta nánast dauðadæmd, að minnsta kosti hefur það sýnt sig að við slíkar aðstæður þurfa vextir að fara miklu miklu hærra til að hafa áhrif.

Í öðru lagi er það vísitala neysliverðs. Ólíkt flestum öðrum Evrópubjóðum og vinum okkar vestanhafs er húsnæðisverð hluti af opinberri vísitölu neysliverðs. Þannig hefur breyting á húsnæðisverði bein áhrif á vísitöluna og hversu öfugsnúið sem það kann að hljóma þá hafa vaxtahækkunar Seðlabankans óbein áhrif til hækunar, já hækunar, vísitölu neysliverðs. Mælingar Hagstofunnar taka mið af kostnaði eigin húsnæðis sem tekur mið af þróun húsnæðisverðs og vaxtastigi. Hækki vextir þá hækkar kostnaður við að reka eigið húsnæði og þá hækkar vísitala neysliverðs. Ég get nánast fullyrt að fáir erlendir greinendur gera sér grein fyrir þessu. Það er deginum ljósara að ef húsnæðisverð væri hluti af verðbólgu mælingu Breta, Bandaríkjamanna, Spánverja og Dana væri verðbólguáhrif þar á bæ á allt öðrum skala.

Réttari samanburður er samræmd vísitala neysliverðs sem undanskilur húsnæði en sá samanburður ratar sjaldan í opinbera umræðu. Í fyrsta var verðbólga hér á landi 3,6% ef tekið er mið af samræmdri vísitölu neysliverðs en hin opinbera vísitala sýndi 5%. Árið 2005 var munurinn talsvert meiri eða 1,4% miðað við 4% að meðtöldu húsnæði. Það er engum blöðum um það að flétta að þessi sérstaða er ekki að auðvelda er-

lendum aðilum að skilja íslenska hagkerfið.

ÍSLAND Á STÆRÐ VIÐ CARDIFF

Smæð þjóðarinnar þvælist líka fyrir okkur. Af sömu ástæðu og við erum mest og best í heimi hvað varðar höfðatölu þá getur ýmis samanburður við landsframleiðslu þjóðar á borð við borg í Bretlandi gefið villandi niðurstöður. Smæð landsins eins og öfgar þess virðist heilla og vekja upp ótal spurningar utan landsteinanna. Nýlega hélt blaðamaður hjá The Times í London því fram að Ísland væri svo lítið að það myndi rétt ná inn í FTSE 100-vísitöluna, ef það væri fyrirtæki.

Einn vinsælasti samanburðurinn er að bera saman eignir íslensku bankanna við landsframleiðslu. Ólíkt mörgum þjóðum hafa íslensk fyrirtæki ekki val um það að vaxa aðeins á heima-markaði og leggja því flest af stað í viking áður en langt um líður til að lifa af í samkeppni á alþjóðavísu. Niðurstaðan er að stór hluti tekna fyrirtækja sem eru t.a.m. skráð á íslenska hlutabréfamarkaðnum koma frá erlendum viðskiptavinum og eru skapaðar af erlendum starfsmönnum. Í raun starfa nánast jafn margir fyrir íslensk fyrirtæki erlendis og eru á íslenska vinnumarkaðnum. Þetta gerir það að verkum að nokkur fyrirtæki á Íslandi eru orðin stærri en landið, það er að segja ef eignir eru bornar saman við landsframleiðslu.

Þetta er hins vegar alls ekki einsdæmi ef við tökum til dæmis tvo stærstu banka Skotlands; þá eru eignir þeirra um sautjánföld landsframleiðsla þar á bæ og að sama skapi eru eignir þriggja stærstu bankanna í Hollandi um sexföld landsframleiðsla. Þessi samanburður virðist hins vegar ekki vera eins heillandi frétta-matur. Við núverandi markaðsaðstæður væri ef til vill heppilegra að við værum að minnsta kosti á stærð við Danmörku; þá væri landið og íbúar þess kannski ekki eins áhugavert umræðuefni.



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Fótballmaðurinn knái, Eiður Smári Guðjohnsen sést hér fagna eftir að hafa skorað mark með Chelsea. Hann er meðal Íslendinga sem komist hafa í hóp bestu knattspyrnumanna heims. Spurning hvort útlendingar myndu furða sig á tölfræði tengdri íslenskum fótballa, líkt og sumri þeirri sem greinarhöfundur bendir á og snýr að efnahagslífi hér.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

ORÐSKÝRINGIN

Óskráð hlutafélag

Óskráð hlutafélag er hlutafélag sem ekki er skráð á skipulegan tilboðsmarkað, svo sem í Kauphöll Íslands, og lýtur því ekki sömu skyldum um upplýsingagjöf og opinbera verðmyndun hlutafjár og gerist hjá skráðum félögum. Langflest hlutafélög eru óskráð.



SPÁKAUPMAÐURINN

Spennan magnast

Maður verður eitthvað svo hrikalega svartsýnn að umgangast íslenska fjárfesta þessa dagana; óðaverðbólga, útlánastopp, gjaldþrot og ákall um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar eru frasar sem maður var eiginlega bara búinn að gleyma.

Sjálfur er maður auðvitað orðinn svo international að smávegis lægð á heimamarkaði slær mann ekki út af laginu. Ég er að byggja í Skotlandi og þar vildu bankarnir allt fyrir mig gera, en bankastjórinn minn hér á Íslandi svarar ekki einu sinni skilaboðum þótt ég sé með pottþétt keis í höndunum. Ég heyrði á barnum um daginn að amma hans fengi ekki einu sinni bankalán þessa dagana. Það er allt stopp.

Ég kíkti á ársfund Samtakanna á föstudaginn og þar voru Bjöggi og Kjartan í góðu formi, mér sýndist þeir útsofnir og slakir. En svo voru þarna einhverjir úr byggingabransanum sem töluðu bara um Evrópu og supu hveljur yfir því að forsætisráðherrann hefði ekki komið með einhver útspil á fundinum. Bara einhver útspil, sögðu þeir nánast ódamála.

Sjálfur er ég spennastur yfir uppgjörunum sem eru væntanleg á næstunni, mér heyrir að bankarnir komi betur út en margir óttuðust – kannski að krónan gamla spili þar einhverja rullu.

Og svo eru það blessuð matsfyrirtækin. Hver er eiginlega alltaf að spyrja þau álits? Eg man þegar Bjarni Ármann var svo stoltur yfir því að Standard og Poor's hefðu metið Glitni, en nú er það bara bölvæð vesen og Glitnir er nú barinn oftast í hausinn en hinir bankarnir! Fitch á leiðinni, örugglega með sama svartagallsrausíð, og Moody's búinn að fara í svo marga hringi að enginn tekur lengur almennilegt mark á honum.

Félagi minn hringdi alveg óður í gær frá Danmörku. Hann sagði að þar hefði allt verið að róast yfir vondum fréttum frá Íslandi þegar Eiríkur seðlabankastjóri hefði ákveðið að spjalla um daginn og veginn við Börsen með þeim afleiðingum að allir fóru á taugum! Solla var búin að segja öllum að ríkið myndi bakka upp bankana, en Eiríkur sagði að Seðlabankinn myndi varla ráða við alvöru fjármálakreppu.

Ég sé að núna er Eiríkur á yfirtíð að bera þetta til baka hér heima; segist hafa verið að tala í viðtengingarhætti. Halló! Á þetta að róa markaðinn?

Mér finnst sjálfum Eiríkur miklu betri á íslensku en dönsku.

Spákaupmaðurinn á horninu.



Munið umsóknarfrestinn 30. apríl 2008

Rannsóknastyrkir til háskólanema

Stjórn Íbúðalánasjóðs ákvað í tilefni af hálfra aldar afmæli húsnæðislána hér á landi að veita háskólanemum styrki til rannsókna á sviði húsnæðismála í þrjú ár. Þessir styrkir nema samtals 2.500.000 kr. árlega og eru síðustu styrkirinn veittir á þessu ári.

Val á þeim verkefnum sem hljóta styrki byggist á því að þau nýtist starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Nánari upplýsingar er að finna á www.ils.is og hjá Þórdísi B. Sigurþórsdóttur í síma 569 6900 eða með tölvupósti thordisb@ils.is

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2008



Lán og styrkir til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði

Íbúðalánasjóður auglýsir til umsóknar lán og styrki til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði. Lán eða styrki má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldi íbúðarhúsnæðis, styttri byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.

Umsóknum um lán eða styrki skal skila til Íbúðalánasjóðs á sérstöku eyðublaði eða rafrænt á www.ils.is

Nánari upplýsingar veitir Einar Örn Stefánsson hjá Íbúðalánasjóði í síma 569 6900 og með tölvupósti einarorn@ils.is

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2008

Íbúðalánasjóður skal samkvæmt lögum stuðla að tækninýjungum og umbótum í byggingariðnaði, m.a. með því að veita lán eða styrki.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður fyrir alla



TVENNNA


Nýjung sem sameinar kosti verðtryggðra og óverðtryggðra reikninga

Kynntu þér Tvennu á www.nb.is
Við tryggjum þér bestu vextina!

Netbankinn
— með betri vexti



skv. lámmur Capacent 1. nóv. 2007–31. jan. 2008



Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20–45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25–49 ára.

Viðskiptafréttir...

...alla daga





FRÁ RÁÐSTEFNU LANDSSAMBANDS ELDRI BORGARA Í HITTEÐFYRRA
Forstjóri Kauphallarinnar segir enga ástæðu fyrir lífeyrisþega að fara á mis við mikla fjármuni sem lífeyrissjóðir geti grætt á því að lána verðbréf sín.

Virkur lánamarkaður með verðbréf eflir íslenskt viðskiptalíf

Nokkur umræða hefur átt sér stað í fjölmöldum undanfarna daga um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða. Tilfni umræðunnar er að í frumvarpinu er kveðið á um að lífeyrissjóðum verði heimilt að lána verðbréf, þó með þeim skörðum að verðbréfalán lífeyrissjóðs megi ekki nema meira en 25% af hreinni eign sjóðsins. Einnig kveður frumvarpið á um ýmis skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt við slík lán, t.a.m. nauðsynlegar tryggingar af hálfu lántaka.

ALPJÓÐLEG FJÁRMÁLAMIDSTÖÐ

Kauphöllin álitur það brýnt hagsmunamál íslensks fjármálamarkaðar að hér myndist virkur lánamarkaður með verðbréf. Kauphöllin hefur síður en svo verið ein um þá skoðun. Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi frá því í október 2006 segir t.a.m. „[f]ærð hafa verið rök fyrir því að innleiðing virks lánamarkaðar með verðbréf sé nauðsynleg forsenda þess að hér á landi sé fjármálamarkaður sem uppfylli öll helstu skilyrði sem alþjóðlegur verðbréfamarkaður þarf að uppfylla.“ (bls. 16). Það hefur staðið lánamarkaði með verðbréf fyrir þrifum hér á landi að hvorki verðbréfasjóðum né lífeyrissjóðum hefur verið heimilt að lána verðbréf, ólíkt því sem tíðkast á þeim fjármálamörkuðum sem við berum okkur helst saman við.

Lánamarkaður með verðbréf stuðlar með margvíslegum hætti að skilvirkari fjármálamarkaði.

GREIÐIR FYRIR VIÐSKIPTUM

Lánamarkaður með verðbréf greiðir fyrir viðskiptum á markaði. Aðgengi viðskiptavaka að verðbréfum verður greiddara en ella, en viðskiptavakar hafa það hlutverk að stuðla að virkum viðskiptum á markaði. Jafnframt gera verðbréfalán viðskiptavökum kleift að verja sig gagnvart áhættu sem þeir yrðu að öðrum kosti að bera ellegar láta af viðskiptavaktinni. Þrátt fyrir mikinn uppgang íslensks hlutabréfamarkaðar undanfarin ár eru við-

ORD Í BELG

Þórður Friðjónsson
Forstjóri Kauphallar Íslands.



skipti með hlutabréf á markaði hér á landi enn um 30% minni en á Norðurlöndum að tiltölu við stærð markaðarins og innan við helmingur af því sem þau eru í Bandaríkjunum. Bætt virkni markaðarins dregur úr viðskiptakostnaði fyrir fjárfesta. Það er því í senn hagsmunamál fjárfesta og nauðsynlegt fyrir samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar að hér verði sótt fram af krafti.

SKILVIRKARI VERÐMYNDUN

Lánamarkaður með verðbréf eflir skoðanaskipti á markaði. Styðja má það fræðilegum rökum að lánamarkaður geri verðmyndun á hlutabréfamarkaði skilvirkari og dragi úr líkum á verðbólum og þeim djúpu lægðum sem þeim fylgja. Lánamarkaður gerir skortstöður mögulegar og fjárfestum því kleift að taka stöður í markaðnum hvort sem þeir trúa því að hann sé yfir- eða undirverðlagður. Stöðug skoðanaskipti af þessum toga draga úr líkum á því að verðmyndun á markaði verði óraunhæf í aðra hvora áttina. Þess má geta í þessu sambandi að t.d. breska fjármálaeftirlitið hefur talið slík skoðanaskipti mikilvæg fyrir skilvirkni verðbréfamarkaðar.

Í TAKT VIÐ ERLENDA MARKAÐI

Samræming við þróaða erlenda markaði er nauðsynleg. Kauphöllin hefur á undanförunum árum unnið að því ásamt stjórnvöldum og markaðsaðilum að samræma umhverfi verðbréfavíðskipta hér á landi við það sem almennt gerist erlendis enda hefur Kauphöllin talið það forsendu aukinnar þátttöku erlendra aðila á íslenskum verðbréfamarkaði. Aukin

þátttaka erlendra fjárfesta á markaði hér er mikilvæg skráðum fyrirtækjum. Hún gerir þau sýnilegri en ella og auðveldar aðgengi þeirra að fjármagni. Jafnframt getur hún aukið viðskipti til mikilla muna. Kauphöllin hefur orðið þess áþreifanlega vör undanfarin ár að íslensk sérkenni fæla fjárfesta frá markaðnum, ekki síst ef þau hafa á sér yfirbragð viðskiptahindrana sem þekkjast ekki á öðrum þróuðum mörkuðum. Brýnt er að skekkja ekki stöðu íslenska markaðarins að ósekju í harðri alþjóðlegri samkeppni um skráð félög.

LÍTID UM ERLENDA AÐILA

Lánamarkaður með verðbréf eykur öryggi í uppgjöri viðskipta. Viðskipti erlendra aðila á íslenskum hlutabréfamarkaði eru heldur vaxandi þótt enn sem komið er séu þau ekki mikil. Hér eins og víðast hvar annars staðar eru það helst erlendir aðilar sem geta öðru hvoru lent í vandræðum með uppgjör viðskipta á réttum tíma – yfirleitt af tæknilegum ástæðum. Það eykur öryggi í uppgjöri verulega ef hægt er að fá verðbréf lánud með skömmum fyrirvara við slíkar aðstæður til fullnustu uppgjörs.

AUKNAR TEKJUR LÍFEYRISJÓÐA

Verðbréfalán skapa lífeyrissjóðum auknar tekjur. Lífeyrissjóðir eiga mikið af hlutabréfum og skuldabréfum sem væru eftirsótt til lántöku. Árlegar tekjur lífeyrissjóða af verðbréfalánnum gætu numið hundruðum milljóna jafnvel þótt þeir nýttu ekki til lánveitinga nema hluta þeirra heimilda sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Engin ástæða er fyrir íslenska lífeyrisþega til að fara á mis við þá fjármuni.

Kauphöllin hefur það að leiðarljósi að styðja við íslenskt viðskipta- og efnahagslíf með heilbrigðum og skilvirkum fjármálamarkaði. Við álitum að virkur lánamarkaður myndi auka við trúverðugleika íslensks fjármálamarkaðar á alþjóðlegum vettvangi og styrkja stöðir hans, íslensku efnahagslífi til hagsbóta. Veiting leyfis þess efnis að lífeyrissjóðir hafi heimildir til að lána verðbréf er mikilvægt skref fram á við í þessum efnunum.

Þrátt fyrir mikinn uppgang íslensks hlutabréfamarkaðar undanfarin ár eru viðskipti með hlutabréf á markaði hér á landi enn um 30% minni en á Norðurlöndum að tiltölu við stærð markaðarins og innan við helmingur af því sem þau eru í Bandaríkjunum. Bætt virkni markaðarins dregur úr viðskiptakostnaði fyrir fjárfesta. Það er því í senn hagsmunamál fjárfesta og nauðsynlegt fyrir samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar að hér verði sótt fram af krafti.

Taka til hendinni í orkuiðnaði Evrópu

Mannvit, stærsta verkfræðistofa landsins með um 360 starfsmenn, horfir til spennandi tækifæra í orkuiðnaði á meginlandi Evrópu, svo sem í Ungverjalandi og Þýskalandi. Fyrirtækið varð til í mánuðinum við samruna Rafhönnunar og VGK-Hönnunar.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Við ákváðum að gera þetta svölitið veglega til að kynna okkur enda nýbúin að hleypa af stokkunum sameinuðu fyrirtæki með nýju nafni,“ segir Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits, stærstu verkfræðistofu landsins, en fyrirtækið var með stóran bás á sýningunni Verk og vit sem nýafstaðin er í Laugardalshöll. Mannvit varð til fyrr í þessum mánuði við samruna verkfræðistofanna VGK-Hönnunar og Rafhönnunar. Hjá sameinuðu fyrirtæki starfa um 360 manns.

Auk Eyjólfss Árna stýra fyrirtækinu aðstoðarforstjórnarnir Skapti Valsson, sem er yfir innlendri starfsemi, en hann var áður framkvæmdastjóri Rafhönnunar, og svo Runólfur Maack, sem er yfir erlendri starfsemi, líkt og hann var áður hjá VGK-Hönnun.

„Á sýningunni Verk og vit 2008 lögðum við upp með að kynna nafnið, sameininguna og starfsemina sem við erum með innan fyrirtækisins,“ segir hann og kveður viðtökurnar hafa verið mjög góðar í Höllinni.

Með sameiningu fyrirtækjanna segir Eyjólfur Árni náð fram miklum samlegðaráhrifum, sér í lagi vegna þess hve sérfræðipækning stofanna hafi lítið skarast. Þá hjálpi aukin stærð fyrirtækinu að keppa við erlend félög sem hingað sækja verkefni í útboðum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá geri aukin stærð verkfræðistofunni kleift að keppa við erlend fyrirtæki á þeirra heimavelli, en

ytra segir hann helstu sóknarfæri á sviði jarðvarma, í vatnsorku og áliðnaði.

„Við erum í sameinuðu félagi betur í stakk búin til að takast á við margvísleg verkefni þar sem við höfum komið okkur fyrir utan landsteinanna. Til dæmis í jarðhitageiranum, svo sem í Ungverjalandi og Þýskalandi. Meiri breidd og styrkur skiptir máli í þessum alþjóðaslag,“ segir Eyjólfur, en áréttar um leið að útrás Mannvits hafi ekki áhrif á önnur útrásarverkefni sem þegar hafi verið lagt upp með, svo sem í gegnum HRV Engineering, sem félagin á bak við Mannvit stofnuðu til með Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST). „Þar er um afmarkaðri verkefni að ræða og heldur allt áfram á fullu eins og áður,“ segir hann.

HRV býr yfir sérhæfðri tækniþekkingu og reynslu í uppbyggingu álvera, en að auki á Mannvit hlut í Geysi Green Energy, Vatnaskilum, Loftmyndum og Skipaskoðun Íslands, sem starfa í tengdri starfsemi. Starfsemi Mannvits er hins vegar skipt upp í sex svið: iðnað; orku; byggingar, framkvæmdir og rannsóknir; umhverfi; samgöngur og veitur; og upplýsingatækni.

Unnið er að breytingum og stækkun höfuðstöðva Mannvits að Grensásvegi 1 í Reykjavík, en þær á að taka í notkun haustið 2009. Fram að þeim tíma verður fyrirtækið einnig til húsa að Laugavegi 178 og í Ármúla 42. Að auki rekur Mannvit nú starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins og er með skrifstofur á meginlandi Evrópu.



Í HÖLLINI Mikið var lagt í sýningarrými fyrirtækjanna sem kynntu afurðir sínar í Laugardalshöll á sýningunni Verki og viti 2008.

MARKAÐURINN/STEFÁN

Góður rómur gerður að Verki og viti 2008

Fjöldmargir sóttu heim stórsýningu um byggingariðnað, skipulagsmál og mannvirkjagerð í Laugardalshöll.

Um átján þúsund manns sóttu heim stórsýninguna Verk og vit 2008 sem stóð yfir í Laugardalshöll í Reykjavík dagana 17. til 20. apríl. Góður rómur var gerður að sýningunni, sem þótti hin veglegasta, og eru aðstandendur ánægðir með aðsóknina. Alls kynntu um 100 fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög vörur sínar og þjónustu í Höllinni.

„Ánægjulegt var að sjá hversu vel sýnendur stóðu sig í að gera Verk og vit 2008 áhugaverða og spennandi, því sýning á borð við þessa verður aldrei betri en það sem sýnendurnir sjálfir leggja til,“ segir Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Verks og vits, á vef sýningarinnar. Hún kveðst jafnframt ánægð með þann fjölda sem lagði leið sína á sýninguna, en um 1.000 fleiri mættu nú en á síðustu Verk og vit-sýningu, sem haldin var árið 2006. „Aukning gesta sýnir að mikill áhugi er meðal fagaðila og almennings á að skoða það sem fyrirtæki og stofnanir í þessum greinum hafa fram að færa,“ segir hún.

Samhliða aðalsýningunni fóru fram margvíslegir viðburðir, svo sem Íslandsmót iðngreina sem haldið var 18. og 19. apríl í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar, en þar öttu kappi iðnnemar og nýútskrifaðir iðnaðarmenn í ellefu greinum. Þá var fimmtudaginn 17. apríl haldin ráðstefna undir yfirskriftinni „Skipulag eða stjórnsýsla?“ þar sem fjallað var um skipulagsmál, fjármögnun og nýjar framkvæmdir.

Mikið þótti lagt í sýningarsvæði og voru fyrirtæki dugleg að kynna þjónustu sína og dreifðu ótulllega margvíslegum bæklingum, pennum og fleiru smálegu auk þess sem víða var boðið upp á veitingar. Aðstandendur sýningarinnar, en það eru AP-sýningar í samstarfi við iðnaðarráðuneyti,



STÓRSÝNINGIN OPNUÐ Kristján L. Möller samgönguráðgjafi klippti á borðann til að opna Verk og vit 2008 fyrir helgina. Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fylgdist með.

MARKAÐURINN/STEFÁN

Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Landsbankann og Ístak, völdu athyglisverðustu sýningarrýmin og var sú niðurstaða kynnt um helgina. Línuhönnun bar þar sigur úr býtum, með rými þar sem „stílhreint útlit og einfaldleiki spiluðu lista vel saman,“ svo notað sér orðalag dómnefndar. Í öðru sæti var svo BM Vallá, Áltak í þriðja sæti og Borg fékk sérstök aukaverðlaun.

Dómnefndina skipuðu Erlendur Örn Fjeldsted byggingatækniþræðingur, Guðmundur Oddur Magnússon, próffessor í grafískri hönnun, Lárus Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá Mat englanna og stjórnamaður í Ímark, Sólveig Ólafsdóttir, arkitekt hjá Studio Striki, og Elsa Giljan Kristjánsdóttir, sýningarstjóri Verks og vits 2008.

- ók



Í FORSVARI FYRIR MANNVIT Skapti Valsson, annar tveggja aðstoðarforstjóra Mannvits, og Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri fyrirtækisins.

MARKAÐURINN/ANTON

Vöruverð hækkar líka hjá ríkinu

„Þetta er eitthvað misjafnt eftir vöruflokkum, en ég ímynda mér að hækkunin hjá okkur nemi um 5 til 15 prósentum,“ segir Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Friðhafnarinnar.

Fríhöfnin er rekin innan vébanda FLE ohf. sem er hlutafélag í eigu ríkisins. Hlynur bendir á að gengi krónunnar hafi lækkað verulega frá áramótum. „Síðan

hafa sumir vöruflokkar, eins og sælgæti, hækkað í verði vegna verðhækkana á hráefni,“ segir Hlynur og bætir því við að þótt verð hafi hækkað hafi óhagstæðri þróun ekki verið að fullu veitt út í verðlag.

Aðra sögu er að segja af annarri ríkisverslun, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

„Verð hjá okkur hefur að meðaltali

hækkað um þrjú prósent frá áramótum, en það hækkaði um innan við prósent um síðustu mánaðamót,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri. Hún bendir á að Áfengis- og tóbaksverslunin fái í raun litlu ráðið um verðþróun. „Við erum með fasta álagningu, sem er ellefu prósent að jafnaði, en höfum engin áhrif á innkaupsverð frá birgjum.“

- íkh

DÆMI UM VERÐÞRÓUN HJÁ ÁTVR

Vöruheiti	Tegund áfengis	Verð 1. apríl 2007	Verð 31. mars 2008	Verð 1. apríl 2008
Víking	Bjór, 500 ml dós	229	237	237
Drostdy-Hof Cape Red (Box)	Rauðvín, 3.000 ml	3.490	3.490	3.490
Montecillo Crianza	Rauðvín, 750 ml	1.190	1.260	1.260
Moselland Riesling Kabinett (Box)	Hvítvín, 3.000 ml	2.790	2.990	2.990
Rosemount GTR	Hvítvín, 750 ml	1.090	1.090	1.090
Smirnoff	Sterkt vín, 1.000 ml	4.350	4.350	4.350



DAGUR Í LÍFI ...

Svövu Johansen forstjóra NTC

07.15 Ég vakna hress við fallega birtu af sólinni og skelli mér í sjóandi heita sturtu. Fæ mér sterkan macchiato og hrökkbrauð eftir sturtuna – ómissandi alla morgna!

8.30 Vek mann minn og son með stóru „góðan daginn“ knúsi og fæ sæt orð til baka.

8.30 Mætt á stjórnarfund FKA (Félag kvenna í atvinnurekstri) – skemmtileg stjórn með kraftmiklum konum í viðskiptum. Ákveðið er að haustferð félagsins verði til Helsinkí.

10.30 Mætt á skrifstofu NTC á Laugaveginum. Fer yfir tölvupóstinn.

11.00 Fundur með framkvæmda-, fjármála- og rekstrarstjóra. Þriggja mánaða uppgjör yfirfarið. Við erum ánægð með tölurnar enda hagræðum vö hratt í breyttu ástandi..

12.00 Fer á veitingastaðinn Gló með Birni manni mínum. Fáum okkur yndislegan mat í þægilegu andrúmslofti og ræðum væntanlega golf-ferð með vinarfólki til Marbella.

13.00 Fundur með heildsölu NTC.

14.00 Keyri heim til að taka á móti syni mínum úr skólanum. Gef honum gott að borða og stoppa til að eiga smá stund með honum, þar sem ég vinn yfirleitt til níu á fimmtudögum (opið lengur í verslunum).

15.00 Mætt í líkamsrækt í Laugum. Hitti þar Lóló vinkonu og einkabjálfa. Á góða stund í tækjunum og hendi mér svo með henni í stutta en góða gufu á eftir.

17.00 Mætt í Smáralindina og tek út stöðuna í verslunum okkar. Fæ mér síðan stóran macchiato í bílinn.

18.00 Komin í Kríngluna. Á stefnumót við fasta viðskiptavini sem ég hef mikla ánægju af, en um 25% af vinnutíma mínum eyði ég í verslunum NTC. Ég næ yfirleitt besta tímanum á fimmtudagskvöldum og um helgar.

21.00 Komin heim – Björn og sonur minn Ásgeir láta mig finna að mín hefur verið saknað. Sem er yndisleg tilfinning. Ég sker ávexti í skál og poppa og við spilum í klukkutíma.

22.00 Ásgeir sendur í háttinn. Ég fer inn með honum og við förum yfir daginn. Fer með bænirnar með honum eins og við gerum á hverju kvöldi.

23.00 Við Björn setjum á góða mynd og komum okkur vel fyrir í sófanum.

24.00 Vöknum um miðnætti og erum bæði orðin ísköld. Erum þreytt eftir annasaman en skemmtilegan dag. Skjótumst í rúmið og tökum restina af myndinni seinna.



PAUL SMITH SVÍKUR ENGAN Þrátt fyrir ýmsa snúninga yfir daginn reynir Svava Johansen að eyða tíma í verslunum sínum. MARKAÐURINN/ANTON



SKINN EINS OG HVER ÖNNUR NÁTTÚRUFURÐ Eggert Jóhannsson feldskerir segir flesta velja sér minkaskinn í brúnum eða dökkum tónum. MARKAÐURINN/VALLI

Loðfeldir svínvirka

„Loðfeldur er eins og hver önnur fjárfesting sem neytendur kaupa til að njóta,“ segir Eggert feldskerir. Minkur er vinsæll.

Vala Georgsdóttir
skrifar

„Loðfeldir eru flíkur sem svínvirka,“ segir Klara Stephensen, forstöðukona Listasetursins á Eiðum í Fljótaldalshéraði og viðskiptavinur Eggerts feldskeris og vinkona til margra ára. „Fyrsta flíkin sem ég eignaðist sem Eggert gerði var brúnn rússneskur lambapels. Straumar og stefnur í tiskunni breytast eins og gengur og eitt árið var flíkin orðin of lítill. Þá kom útsjónarsemi Eggerts til sögunnar. Hann tók sig til og varð sér úti um sams konar svört skinn og bætti þeim við flíkina. Eftir endurbætur var flíkin mín sem ný og hana nota ég enn,“ segir Klara stolt.

„Minkurinn stendur alltaf fyrir sínu,“ segir Eggert Jóhannsson sjálfur, sem sækir skinnamarkaði í útlöndum árlega. Margir skilgreina flíkur úr dýrum loðskinnum sem stöðutákn. Eggert segir að slík viðhorf séu á undanhaldi. „Loðfeldur er eins og hver önnur fjárfesting sem neytendur kaupa til að njóta. Krafan um vellíðan skiptir öllu, en ekki viðhorf annarra. Neytendur eru sjálfstæðari og djarfari í hugsun en áður,“ segir hann.

Þegar þrengingar verða á fjármálamörkuðum er stundum eins og þörfin fyrir áþreifanleg verðmæti verði meiri. Hlutabréfaverð lækkar og hrávöruverð hækkar. Flestir tengja flíkur úr loðskinnum við mikil fjárútlát. „Líkt og með aðrar fjárfestingar er farsælt að horfa til lengra tíma

en til fáeinna ára,“ segir feldskerinn. „Í mínum huga eru skinn afurðir eins og hverjar aðrar náttúruafurðir sem ber að nýta. Við höfum ekki efni á öðru. Eitt viðhorfið til náttúruverndar er að ein besta náttúruverndin felist í að maðurinn hugsi um sig sem hluta af náttúrunni. Enda hafa flíkur úr loðskinnum verið hluti af mannkynssögunni frá örófi alda,“ segir Eggert.

„Loðfeldur er flík sem þú átt að njóta að nota við öll þau tækifæri sem henta þér hverju sinni,“ segir Klara. „Flíkurnar eiga að fá að slitna og það má sjá á þeim, enda eru flíkur úr loðskinnum ekkert annað en nytjahlutir sem eiga að þjóna eiganda sínum, líkt og fallett listaverk sem hangir upp á vegg til ánægju og gleði,“ bendir hún á.

Flestir velja sér minkaskinn í brúnum eða dökkum tónum,“ segir Eggert og bætir við að Klara sé reyndar mest heilluð af gráum mink, en það skemmtilegasta sem Eggert veit er að sérhanna flík frá grunni fyrir viðskiptavini. „Það tekur að vísu sinn tíma og þælingar en er vel þess virði,“ segir hann og nefnir að viðskiptavinurinn eignast þá algjörlega sérhannaða flík sem sé engri annarri lík.

Eggert er einn af hundrað feldskerum í heiminum sem hlotið hafa þá viðurkenningu að mega vinna með loðskinn í hæsta gæðaflokki. Flík sem er merkt The Purple Club, eða Fjólubláa klúbbnum, segir neytandanum það að flíkin er gerð úr loðskinni í sérflökki.

Í mínum huga eru skinn afurðir eins og hverjar aðrar náttúruafurðir sem ber að nýta. Við höfum ekki efni á öðru. Eitt viðhorfið til náttúruverndar er að ein besta náttúruverndin felist í að maðurinn hugsi um sig sem hluta af náttúrunni. Enda hafa flíkur úr loðskinnum verið hluti af mannkynssögunni frá örófi alda.

FRÍSTUNDIN HJÁ HREIÐARI ÁRNA MAGNÚSSYNI FRAMKVÆMDASTJÓRA OG EIGANDA SALON VEH

Umbreyttist í hestamann eftir klukkan sex

„Ég ætlaði að verða bóndi en endaði sem hárgreiðslumaður,“ segir Hreiðar Árni Magnússon, framkvæmdastjóri og einn eigandi hárgreiðslustofanna Salon VEH í Reykjavík og Loft Salon, sem er í hjarta Kaupmannahafnar. Hreiðar ferðast mikið til útlanda vegna vinnunnar en þegar hann er á landinu nýtur hann þess að vera úti í íslenskri náttúru. „Ég fer upp í hesthús á hverjum degi eftir vinnu þegar ég get og einnig um helgar,“ segir hann. Eftir sex á daginn skiptir Hreiðar algjörlega um gír; fer úr hlutverki hárgreiðslumannsins á mölinni og umbreyttist í hestamann. „Hestamennskunni fylgir mikil líkamleg og andleg vellíðan,“ segir hann og bætir við að lífinu eftir vinnu hjá sér sé best lýst sem lífinu í hesthúsinu. Dætur hans sem eru fimm og níu ára fara báðar oft með pabba sínum til Hafnarfjarðar í hesthúsið. „Fyrir mér er hestamennskan lífsstíll sem hefur fylgt mér alla tíð. Sem krakki var ég níu sumur í sveit á Neðri Tungu í Örylgshöfn hjá afa mínum og ömmu við Patreksfjörð. Tvö sumur var ég á bænum Austurey við Apavatn og eitt sumar á bænum Stóru Giljá í Húnavatnssýslu og alltaf í kringum hesta,“ segir Hreiðar, sem augljóslega er vel kunnur sveitastörfum.



HREIÐAR ÁRNI MAGNÚSSON Hárgreiðslumaðurinn hefur lengi verið forfallinn hestamaður en ætlar að munda golfkylfurnar í sumar eftir að hafa gert hlé á þeirri iðju undanfarnin ár.

Yfir sumartímann fer Hreiðar bæði styttri og lengri hestaferðir. Hann fer mikið austur fyrir fjall þar sem stutt er upp á hálendinu. Helstu hestaleiðirnar í huga Hreiðars eru leiðir að Krínglumýri á Lyngdalsheiði, Löngufjörur á Snæfellsnesi og

Mýrdalssandur. Þessa staði þræðir hann á hestbaki með vinum sínum, en birgðirnar eru reyndar keyrðar á áfangastaðinn í lengri ferðum.

Hreiðar er lítið fyrir dútl og segist yfirleitt taka hlutina alla leið. „Golfið hefur legið í dvala undanfarnin ár en með vorinu er ætlunin að byrja aftur í því,“ nefnir hann og bætir við að hann verði líka að nefna enn annað áhugamál sitt sem er skotveiðin. „Fyrri part hausts fer ég vanalega á gæs og seinni part hausts fer ég á rjúpu. Svo er það fótboltinn,“ segir Hreiðar glettinn. „En nýlega var ég staddur í London og notaði þá tækifærið og sá Arsenal spila á heimavelli, sem var frábær upplifun,“ segir hann að lokum.

- vg

LÖNGUFJÖRUR Á SNÆFELLSNESI OG JÖKULLINN Í BAKSÝN Þetta er vinsæl reiðleið og ein af þeim leiðum sem Hreiðari finnst gaman að ríða yfir sumartímann í góðum félagskap.





SVEINBJÖRN
SIGURÐSSON

Frístundahús

Sveinbjörn Sigurðsson hf. býður til sölu glæsilegt frístundahús í landi Mýrarkots í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er **127 fm** að stærð með **21 fm** geymsluskúr, verönd er 290 fm og lóðin er 1,3 hektari.

Að auki er húsið fullbúið að innan og öll húsgögn og gólfefni frá versluninni **EGG**.

Frekari upplýsingar veitir Soffía í síma 895-9098 og 483-5800



Þess má geta að Mýrarkot er einungis 5 km frá golfvöllinum í Kiðjabergi og 7 km frá nýjum golfvelli við Borg í Grímsnesi.

Á sama stað eru einnig tveir minni bústaðir, 66,5 fm að stærð með 40 fm svefnlofti.



Fleiri myndir á www.verktaki.is



Fasteignasala

BANKHÓLFID



Erfiðir tímar...

Óhætt er að segja að erfiðir tímar séu nú hjá mörgum sem fyrir stuttu síðan flugu með himin-skautum hinnar íslensku útrásar eins og aldrei kæmi morgundagurinn. Glöggir sjá merki þessa á fasteignamarkaði, þar sem eignir bjóðast nú sem aldrei sáust áður, t.d. einbýli í Fossvogi eða bústaðir við Þingvallavatn. Og í smáauglýsingum blaðanna er nú mikið í boði af Range Rover og Landcruiser, lítið keyrðum og með mikið áhvílandi...

Kreppir að

En það er ekki aðeins, að eignir komi nú í sölu sem ekki sáust í fasteignasölu áður. Fjölmarginir verktakar sitja nú uppi með fjölda óseldra tilbúinna íbúða eða berjast af veikum mætti við að ljúka byggingu nýrra fjölbýlishúsa í þröngri stöðu svimandi hárra stýrivaxta.

Fullyrt er að ýmsir í hópi verktaka þoli ekki lengi við í slíku ástandi, einkum ef spá Seðlabankans um stórfellda lækkun húsnæðisverðs gengur eftir ofan á umtalsverð gengistöp byggingaraðila vegna erlendra lána. Aðrir bera sig betur og leita leiða til að blása lífi í kólnandi húsnæðismarkað, meðal annars með aukinni lánstarfsemi á eigin vegum, nú þegar nánast vonlaust er fyrir almenning og fyrirtæki að sækja lánsfé til íslenskra banka.

Lík í lestinni?

Forvitnilegt verður að rýna í ársfjórðungsuppgjör helstu félaga í kauphöllinni, en þau munu detta inn í hrönnum næstu daga. Einkum er lítið til fjármála-fyrirtækjanna og hversu dugleg þau verði að taka til á afskriftar-reikningum sínum og segja söguna eins og hún er, eins og mætti orða það. Líklegt má telja að vænn gengishagnaður undir lok marsmánaðar og þar með fjórðungsins hvetji fyrirtækin til að gera upp líkleg töp í leiðinni, því enginn vill vera með lík í lestinni. Á hinn bóginn er ljóst að sagan, eins og hún er, kann að reynast mörgum á markaði æði sársaukafull...

8,5% fyrirhugaður hlutur Ólafs Jóhanns Ólafssonar og Goldman Sachs í Geysi Green Energy, sem nú er óvíst um.

40% lækkun skuldatryggingaálags bankanna frá því að það náði hámarki í mars.

118 Bandaríkjadalir, verð fyrir tunnu af olíu á mörkuðum í gær.

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Vestmannaeyjar | Selfoss | Reykjanesbær

Meiri tíma?

Við höfum liðsinnt fjölda kröfuharðra fyrirtækja

við tímafreka innheimtu viðskiptakrafna með góðum árangri.

Komdu með þitt tímaleysi - síminn er **440 7770**.

intrum  **justitia**

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

www.intrum.is

*connectedthinking

Hvers vegna PwC?

Öflugt ráðgjafarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi. Hluti af tengsla- og þekkingarneti PwC International um heim allan. Endurskoðun • Fyrirtækjaráðgjöf • Skatta- og lögræðiráðgjöf

Þjónustustöðvar: Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Keflavík

PRICEWATERHOUSECOOPERS 